



Varðskipið Týr hefur verið í slipp í Reykjavíkurhöfn undanfarna daga. Þar var unnið að hreinsun og málningu skipsins í gær þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tenging varði þjóðaröryggi

Ísland er eftirbátur annarra þjóða þegar kemur að afhendingaröryggi raforku. Ef jarðhræringar yrðu á Hengilssvæðinu gæti komið til skerðinga á bæði raforku og heitu vatni, segir forstjóri Landsnets.

ORKUMÁL Sterk hringtenging flutningskerfis raforku varðar þjóðaröryggi, segir Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets. Orka náttúrunnar hefur gagnrýnt áætlanir Landsnets um að tengja Fljótaldalsstöð norðan Vatnajökuls við suðvesturhorn landsins, þar sem það myndi aðeins gagnast Landsvirkjun, sem er eigandi Fljótaldalsstöðvar.

Jarðhræringar á Reykjanesskaga gætu hins vegar ógnað afhendingaröryggi raforku á suðvesturhorninu:

„Ef eitthvað skyldi gerast í þeim efnun og raforkuöryggi höfuðborgarsvæðisins yrði ógnað, væri ágætt að geta fengið orku að norðan eða austan inn á suðvesturhornið svo heimili og fyrirtæki verði ekki fyrir orkuskerðingu,“ segir Guðmundur.

„Ef einhver skakkaföll yrðu, til að mynda á Hengilssvæðinu, þá yrði það ekki bara rafmagnið sem dytti út á höfuðborgarsvæðinu, heldur mögulega líka heita vatnið. Ef það kæmi upp heitavatnsskortur á höfuðborgarsvæðinu, þá er

Ef það er horft á þetta sem þjóðaröryggismál þá geta flutningar raforku milli landshluta skipt sköpum.

Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets



rafmagn eina leiðin til hitunar.“

Í öðrum Evrópulöndum er lítið á það sem öryggismál að hægt sé að flytja hluta raforku frá öðrum löndum: „Við höfum horft til þess að Evrópuþjóðir líta á það sem þjóðaröryggismál að hafa um 15 prósentu flutningsgetu á milli landa. Við erum með um 5 prósentu flutningsgetu innan landshluta. Ef það er horft á þetta sem þjóðaröryggismál þá geta flutningar raforku milli landshluta skipt sköpum,“ segir Guðmundur. – thg / sjá Markaðinn

Tugmilljarðar í sprotafyrirtæki

VIÐSKIPTI Fjárfest var fyrir 228 milljónir dala, jafnvirði 29 milljarða króna, í sprotafyrirtækjum á árinu 2020. Til samanburðar var meðaltal árinna 2015 til 2019 167 milljónir dala, jafnvirði 21 milljarðs króna. Þetta kemur fram í samantekt Northstacks.

„Þrátt fyrir að COVID-19 hafi sett mark sitt á níu mánuði af árinu 2020, streymdu peningar í nýsköpun,“ segir Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, ritstjóri Northstacks.

Hann segir að met hafi verið slegið í fjölda þeirra fjármagnana sem hafi verið á bilinu 10 til 30 milljónir dala, 1,3 til 3,9 milljarðar króna, svokallaðra vaxtarfjármagnana. Þær voru átta talsins. – hvj /Markaðurinn

2020-21 SINFÓNÍAN STÍGUR Á SVIÐ FÁÐU ÞÉR SÆTI

Litríkir tónleikar alla fimmtudaga í Hörpu

Miðsala er hafin á **sinfonia.is** Takmarkað sætaframboð



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



Ragnar Þór Ingólfsson.

Segja Ragnar Þór hvorki vitni né sakborning

LÖGREGLUMÁL „Þeir voru þarna saman í hóp,“ segir Björgvin Harðarson, bóndi á Hunkubökkum, sem kom að ólöglegri netalögn í landi Seðlabanka Íslands í Holtsdal. Björgvin, sem kærði atvikið til lögreglu, segir þá sem voru í hópnum ekki geta farið sig ábyrgð á verknáðinum.

Fram kom í fjölmiðlum í gær að Ragnar Þór hefði verið gestkomandi í Holti, þangað sem netalögnin var rakin, umrædda helgi en ítrekaði að hann hefði ekki lagt net í ána. Lögreglan á Suðurlandi staðfesti í gær að Ragnar Þór hafi hvorki stöðu sakbornings né vitnis í málinu.

Í frétt Fréttablaðsins í gær sagði að Ragnar Þór hefði verið í hópi þeirra sem staðnir voru að ólöglegu netalögninni. Haft var eftir honum að málið væri honum algjörlega óviðkomandi. Tekið er fram að í fréttinni var ekki fullyrt að Ragnar Þór hefði stöðu vitnis eða sakbornings í málinu. – þfh

Lék á als oddi og á bassa



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fór í gær í góða heimsókn í Borgarholtsskóla. Ræddi forsetinn við skólastjórnendur og starfslíð og gekk svo um sali skólans og ræddi við nemendur þar sem þeir voru við störf. Tók Guðni sig meðal annars til og lék á bassa með hljómsveit sem var við æfingar í einni stofnunni. Á efniðskranni var slagarinn vinsæli Farðu alla leið. Brot úr flutningi lagsins má heyrna á frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjórir í gæsluvarðhaldi vegna manndráps

LÖGREGLUMÁL Þrjú karlmenn voru í gærkvöldi úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna vegna rannsóknar á morði í Rauðagerði síðstu helgi. Fjórir eru nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins, einn Íslendingur og þrjú útlendingar frá Austur-Evrópu. Íslendingurinn hafnar allfarið aðild að málinu að sögn Steinbergs Finnbogasonar verjanda hans, sem hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Landsréttar.

Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um afstöðu annarra sakborninga til sakarefnisins. Íslendingurinn hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið eftir gögnunum úr rannsókn Héraðssaksóknara á meintri spillingu innan fíkniefnaðeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var lekið til fjölmiðla í síðasta mánuði.

Gögnin varpa ljósi á samband

» Íslendingurinn hafnar allfarið aðild að málinu að sögn verjanda hans

hans við lögreglumenn. Hefur hann haft hóp útlendra manna sér til verndar að undanförunum af ötta við aðra undirheimamenn. Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum, mun hann hafa hótad öðrum manni því, í byrjun mánaðarins, að siga á hann Litháa, í hefndarskyni fyrir upplýsingalekann.

Umræddur Lithái var handtekinn um helgina og situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um aðild að morðinu í Rauðagerði. –aa

Íslenskar konur munu sumar fá erlend blóm

Skortur er á íslenskum blómum í blómabúðum og anna innlendir blómaframleiðendur ekki eftirspurninni. Þeir þurfa því að flytja inn blóm undir ofurtollum sem Félag atvinnurekenda vill breyta, en fær engin svör.

BLÓM „Auðvitað væri það draumur ef allar íslenskar konur gætu fengið íslensk blóm á konudaginn, en það er kannski erfiðara að gera en segja,“ segir Axel Sæland, blómabóndi á Espiflöt, sem er einn stærsti blómaframleiðandi landsins. Skortur er á innlendum blómum og blómabúðir hafa aðeins fengið lítið brot af því sem þær vantaði fyrir stóru blómadagana í febrúar, hinn ættleidda Valentínusardag og sjálfan konudaginn sem er á sunnudag, segir í tilkynningu frá Félagi atvinnurekenda, FA. Vegna aðstæðna þurfi blómabúðir að flytja inn blóm. Félagið bendir á að tollar á blómum séu gífurlega háir og því miður sé ekkert að fréttu af endurskoðun fjármála- og atvinnuvegaráðuneyta á blómatollum.

„Það verður ekki skortur á blómum á konudaginn en þau eru miklu dýrari en þau þyrftu að vera,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA. Hann segir að félagið þekki dæmi þess að blómabúð hafi pantað mörg hundruð rósir en fengið 20.

Hann segir að ástæðan fyrir háu verði séu háir tollar. Þeir séu í raun rosalegir og máli sínu til stuðnings tekur hann dæmi um rós sem sé keypt á eina evru eða 156 krónur. Ofan á þá 60 sentimetra rós leggist 30 prósentu verðtollur og 95 króna stykkjatollur. „Tollarnir eru til að vernda innlenda framleiðendur sem anna þó engan veginn eftirspurninni frá blómabúðunum.“

Axel bendir á að eftirspurnin rjúki upp á litlum tíma og þó Espiflöt fimmfalda framleiðsluna miðað við venjulegar vikur hafi fyrirtækið einfaldlega ekki undan.



Margir vilja gleðja konurnar í sínu lífi með blómveni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

●● Tollarnir eru til að vernda innlenda framleiðendur sem anna engu að síður engan veginn eftirspurninni frá blómabúðunum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



●● Við reynum eftir fremsta megni. Við þínum plönturnar aðeins meira og hitum húsin og lýsum lengur, en það dugur ekki upp í eftirspurnina.

Axel Sæland, blómabóndi á Espiflöt



„Við reynum eftir fremsta megni. Við þínum plönturnar aðeins meira og hitum húsin og lýsum lengur, en það dugur ekki upp í eftirspurnina,“ segir hann.

Ólafur bendir á að fjármálaráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið hafið byrjað vinnu við endurskoðun á blómatollum í nóvember 2019

eftir að félagið, með stuðningi 25 blómaverslana, sendi ráðuneytum erindi þar sem þau sýndu fram á hversu ósannjarnt, samkeppnishamlandi og neytendafjandsamlegt tollaumhverfi blómaverslunar á Íslandi væri. Það hafi hins vegar ekkert frést af þeirri vinnu síðan í júní. benediktboas@frettabladid.is

Gleðilegan öskudag

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is



Áttu erfitt með að koma þér fyrir? Upphaf nýrra **drauma!**



STILLANLEGIR
DAGAR

20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Tilboðsverð frá
355.448 kr.

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr





Samdráttur varð milli tímabila.

Hallaði á Ísland um 12 milljarða

VIÐSKIPTI Vöru- og þjónustujöfnuður var neikvæður um 12,5 milljarða í nóvember síðastliðnum miðað við 2019 samkvæmt frétt Hagstofunnar.

Áætlað verðmæti útflutnings vöru og þjónustu var 74,5 milljarðar í nóvember og dróst saman um 26 prósent miðað við nóvember 2019 er útflutningur var 100,5 milljarðar. Á sama tíma var verðmæti innfluttrar vöru og þjónustu 87 milljarðar og dróst því saman um 7 prósent miðað við nóvember 2019 er innflutningur var 93,4 milljarðar.

Vöru- og þjónustujöfnuður var því áætlaður neikvæður um 12,5 milljarða í nóvember 2020. Í nóvember 2019 var jöfnuðurinn jákvæður um 7,2 milljarða. – **þsh**



Njálsgata 65. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfangaheimili á Njálsgötu 65

VELFERÐARMÁL Húsnæði á Njálsgötu 65, sem síðast var athvarf fyrir heimilislausu, verður breytt í áfangaheimili fyrir konur með eftirliti og stuðningi.

„Þeir sem bjuggu þar fóru í sjálfstæða búsetu með stuðningi frá Líðsáukanum og aðrir í annað húsnæði á vegum Félagsbústaða. Einn íbúanna fór í þjónustuíbúð. Vonast er til þess að hægt verði að úthluta í nýuppgerðar íbúðir með vorinu,“ segir Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Gera á ýmsar breytingar á húsnæðinu. Meðal annars verður sextán litlum íbúðum, sem eru í húsinu í dag, fækkað í þrettán. Í staðinn kemur sameiginlegt rými og aðstaða fyrir starfsmenn. – **gar**

Íslendingar þurfi að sýna PCR-próf við landamærin

COVID-19 Þeim sem koma til landsins frá og með föstudeginum 19. febrúar verður skylt að framvísa nýlegu vottorði um neikvæða niðurstöðu úr PCR-prófi, til viðbótar við tvöfalda skimun. PCR-próf er skirteini sem sýnir fram á neikvætt COVID-19 sýni. Skirteinið má ekki vera eldra en 72 klukkustunda.

Fram kom í máli ráðherra að loknum ríkisstjórnarfundum í gær að reglurnar muni gilda um alla, þar á meðal Íslendinga.

» Skoða verði gaumgæfilega hvort tillögurnar séu samrýmanlegar stjórnarskránni.

Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður efast um að fyrirhugaðar reglur um að krefja íslenska ríkisborgara sem koma til Íslands um framvísun skirteinis um neikvætt PCR-próf, standist

ákvæði stjórnarskrár. Þar segir að íslenskum ríkisborgara verði hvorki meinað að koma til landsins né verði honum vísað úr landi.

„Þessi regla er án undantekninga, sem þýðir það að skoða verður gaumgæfilega hvort þær tillögur sem nú hafa komið fram séu samrýmanlegar þessu stjórnarskrárákvæði,“ segir Arnar Þór. Það gangi nærri þessu ákvæði stjórnarskrárinnar að krefjast PCR-prófs að hans mati. Kanna þurfi til hlítar

hverjig þessar nýju reglur samrýmast stjórnarskrá landsins.

Arnar Þór telur þó koma til álita að binda þessa reglu um neikvætt PCR-próf við aðra en íslenska ríkisborgara. Þá séu önnur vægari úrræði fyrir hendi á grundvelli nýsamþykkrtra sóttvarnalaga sem náð geti sama markmiði. Hann telur mikilvægt, sérstaklega fyrir ráðherra, að tefla ekki á tvær hættur gagnvart stjórnarskránni, og minnir á lög um ráðherraábyrgð í því sambandi. – **ilk/þp**

Hrein orka Íslands óhreinkuð

Framkvæmdastjóri Landverndar sér enga þörf á námagreftri eftir rafmynt hér á landi. Orkuþörfin sé gífurleg og verðmætasköpunin lítil. Almennungur hafi hins vegar þörf fyrir raforkuna til orkuskipta.

UMHVERFISMÁL Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, telur að með því að nota stóran hluta íslenskrar raforku í rafmyntanámugróft sé verið að óhreinna hreina orku Íslands með sóun. Félagið sjálft hefur þó enn ekki ályktað um málið eða lagt til að framleiðslan verði bönnuð. „Við sjáum ekki verðmætið eða þörfina á þessu. Þetta er gríðarlega orkufrekt og til aðrar aðferðir til að búa til rafmynt,“ segir Auður. Á hún þá við hina orkufreku aðferð er nefnist Proof of work, sem meðal annars er notuð af bitcoin, langstærstu rafmyntinni, ethereum og fleirum.

„Þetta skapar nánast engin störf á Íslandi og er heiminum ekki til framdráttar,“ segir Auður. Í ljósi þess hversu mikil umræða hafi verið um stóriðjuna og losun hennar hafi gagnaverin fallið utan umræðunnar.

Á undanförunum árum, nema í fyrra, hafa Orkustofnun og fleiri varað við raforkuskorti í landinu. „Það hefur verið talað um að það sé ekki til næg orka fyrir rafbilavæðinguna en samt ganga orkufyrirtækin fram og semja við gagnaverin,“ segir Auður. Þarna sé eitthvað sem ekki fer saman. „Þegar fram líða stundir munum við hafa þörf fyrir orkuna sem er laus í kerfinu og ekki eðlilegt að ganga til frekari samninga.“

Samkvæmt raforkuspá notuðu gagnaverin rúma eina milljón megawattstunda af rúmlega 19 milljónum megawattstunda af orkuöflun landsins, eða rúmlega 5 prósent. Mikill meirihluti þessarar framleiðslu er notaður til þess að grafa eftir rafmynt. Til samanburðar notuðu öll heimili landsins og sumarþústaðir tæplega 850 þúsund megawattstundir, veiturarnar notuðu 780 þúsund, sjávarútvegurinn 470 þúsund og landbúnaðartengd starfsemi 311 þúsund. Í iðnaði notaði



Raforkunotkun gagnavera hefur margfaldast á undanförunum árum, talið er að hún aukist áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» Þetta skapar nánast engin störf á Íslandi og er heiminum ekki til framdráttar.

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar



adeins álframléiðsla meiri orku en gagnaverin, 12,5 milljónir.

Orkunotkun gagnavera hefur vaxið hratt, eins og kom fram í raforkuspá frá árinu áður. Frá því að vera hverfandi fyrir árið 2014 í 300 þúsund megawattstundir árið 2017, nærri 600 þúsund 2018 og rúma milljón 2019. Í spánni er talið að notkunin verði nærri 1,3

milljónum næsta áratuginn út frá þáverandi forsendum.

Gagnaver hafa hins vegar verið að spretta upp eins og gorkúlur hér á landi á meðan kisiliðnaður, áliðnaður og fleira berst í bökkum. Nýlegar þrengingar kínverskra rafmyntanámufyrirtækja af hálfu kínverska ríkisins gefa til kynna að einhver þeirra kynnu að færa sig um set. 70 prósent af námugreftri heimsins fer fram í Kína.

„Við horfum á heildarmyndina en ekki smáatriði,“ segir Sigurður Hjaltason, sérfræðingur hjá Orkustofnun, sem hefur komið að raforkuspágerðinni. „Við höfum ekki áhyggjur af hvort notkun flakki á milli gagnavera, eldsneytisframléiðslu eða annars.“

Að mati Sigurðar er orkusala til gagnavera hverful starfsemi og langtímaöryggi lítið. „Verð á bitcoin er hátt núna og kann að vera að ein-

hverjum þyki freistandi að leggja út í meiri gröft,“ segir hann. Hefur hann ekki trú á að hrun í greininni myndi hafa mikil áhrif á orkuverð hér á landi. Orkufyrirtækin myndu finna aðra viðskiptavini. „Hvað orkan er nýtt í er alltaf umdeilanlegt. Almenn séð eru Íslendingar miklir orkusóðar,“ segir hann. Mikil orka hafi gefið okkur kleift að sölunda stórum hluta.

Ekki er fjallað sérstaklega um gagnaverin í Orkustefnu stjórnvalda sem kynnt var í september síðastliðnum. Tekið er þó fram að réttar upplýsingar um langtímaáform stórnotenda verði að koma fram í raforkuspám. Þá er sérstaklega fjallað um samfélagslegan ávinning af orkunotkun og orkunýtni, sem hægt sé að fylgja eftir með strangari reglugerðum, verðlagningu eða ívilnunum.

kristinnhaukur@frettabladid.is




MANNAMÁL
FIMMTUDAGA KL. 20.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurlausan hátt. Stjórnandi þáttanna er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



HRINGBRAUT

 BAUHAUS



Í KVÖLD 19:10

Draumaheimilið

Draumaheimilið er ný þáttaröð þar sem fylgst er með Íslendingum í fasteignahugleiðingum taka eina af stærstu ákvörðunum lífsins, hvaða eign skuli kaupa. Hugrún Halldórsdóttir fylgir eftir kaupendum á meðan ferlinu vindur fram auk þess að fá góð ráð frá iðnaðarmönnum um viðhald fasteigna.



+



=

7.990 kr./mán.

Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



Marsjeppinn Prautsegja. MYND/NASA

Lenda á Mars á fimmtudag

TÆKNI Marsjeppinn Prautsegja, eða Perseverance á ensku, lendir á Mars næsta fimmtudag, þann 18. febrúar, eftir sjö mánaða ferðalag frá jörðinni, allt samkvæmt áætlun. Prautsegja mun leita að ummerkjum lífs á botni ævaforns, uppbornaðs stöðuvatns í gíg sem heitir Jezero.

Þyrlan Hugvit, eða Ingenuity, lendir á rauðu plánetunni með Marsjeppanum en með henni ætlar mannkynið að framkvæma sína fyrstu tilraun með loftfari á annarri plánetu.

Lendingin tekur sjö mínútur og kalla verkfræðingar NASA þennan glugga „sjö mínútur í helviti“. Geimfarið mun koma inn í lofthjúp Mars á tæplega tuttugu þúsund kílómetra hraða og verður að hægja niður í 2,7 kílómetra hraða til þess að geta lent farinu. Margt getur farið úrskeiðis og er ekki hægt að stýra farinu í rauntíma, þar sem upplýsingar taka ellefu mínútur og 22 sekúndur að berast frá Mars til jarðar. – **llk**

Mótmælt með hljóðferum í Mjanmar



Hópur mótmælenda lék á hljóðfæri fyrir utan bandaríska sendiráðið í Yangon í Mjanmar í gær og mótmælti þannig á friðsamlegan hátt valdaráni hersins í byrjun febrúar og því að lögð var fram ákæra gegn Aung San Suu Kyi, leiðtoga landsins, í annað sinn. Þúsundir hafa mótmælt í Mjanmar undanfarna daga og eiga mótmælendur yfir höfði sér allt að tuttugu ára fangelsisdóm ef þeir standa í vegi fyrir her landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Orrustubota af gerðinni F-35. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Norski flugherinn kemur aftur til landsins í mars

VARNARMÁL Norðmenn munu sinna loftrýmisgæslu í mars með F-35 orrustubotum sínum, en norsk flugherinn frumsýndi orrustubotuna á Íslandi fyrir ári síðan. Er þetta í sjötta skiptið sem Norðmenn vakta íslenska lofthelgi en hin skiptin voru árið 2009, 2011, 2014, 2016 og 2020.

130 manns fylgja orrustubotunum, bæði hermenn og annað starfsfólk. Mun það vinna í samstarfi við starfsfólk Landhelgisgæslunnar og Keflavíkurflugvallar.

Nokkur spennu hefur verið á norðurslóðum undanfarið. Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að

» Í síðustu viku bægði norsk flugherinn tveimur rússneskum sprengjuvélum frá í Noregshafi

potur norska flughersins hefðu bægt tveimur rússneskum sprengjuvélum frá í Noregshafi, sem virtust stefna á Ísland. Hugsanlegt er að Rússar hafi verið að senda NATO skilaboð um loftrýmisgæsluna og herhæfingar bandaríska flughersins í Noregi í næsta mánuði. – **kgh**

Hundrað manns gert að yfirgefa heimili sín

AUSTURLAND Hættustigi var lýst yfir á Seyðisfirði í gær vegna hættu á skriðuföllum og voru ákveðin svæði í bænum rýmd. Rýmingu var lokið klukkan sjö í gærkvöldi en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Austurlandi voru 46 heimili rýmd og hundrað manns var gert að yfirgefa heimili sín.

Fjöldahjálparstöðin í Herdubreið verður opin eins og þörf þykir og búist var við um fimmtíu manns í kvöldmat þar í gær. Stada rýmingar verður endurmetin í dag en búist er við hægt kólnandi veðri á miðvikudag og á fimmtudag verður aftur

» 46 heimili voru rýmd á Seyðisfirði og hundrað manns gert að yfirgefa heimili sín.

komið frost til fjalla. Rýmingin var gerð í varúðarskyni þar sem óvissa ríkir um stöðugleika hliðanna í Botnabrún eftir skriðuföllin í desember 2020 og það hvernig jarðlög bregðast við ákafri úrkomu. Spáð er að uppsöfnuð úrcoma á Seyðisfirði geti jafnvel orðið yfir 60 millimetrar sem leggst við 70 millimetrar úrkomu. – **bdj/uó**

Sérfræðingar undrast indverska niðursveiflu

Niðursveifla COVID-19 faraldursins á Indlandi vekur furðu sérfræðinga. Engin dauðsföll voru skráð í rúmum helmingi indverskra fylkja í síðustu viku. Ekkert dauðsfall vegna veirunnar var í Delí á þriðjudag í fyrsta sinn í tíu mánuði.

INDLAND COVID-19 faraldurinn er á niðurleið á Indlandi samkvæmt fréttum frá Associated Press og BBC. Nú greinast um 11 þúsund ný smit á dag í landinu en voru 100 þúsund á dag þegar faraldurinn stóð sem hæst.

Í miðri síðustu viku voru engin dauðsföll skráð í meira en helmingi 28 fylkja Indlands og á þriðjudag var ekkert dauðsfall skráð í Delí í fyrsta sinn í 10 mánuði.

Alls hafa greinst tæplega 11 milljón smit í Indlandi og meira en 155.000 dauðsföll, þó vísindamenn telji að dauðsföll séu fleiri en opinberar tölur gefa til kynna.

Faraldurinn var sérstaklega slæmur síðastliðið haust og voru virk smit milljón í september 2020. Í nóvember sama ár voru 90 prósent allra gjörgæsluplássa með öndun-árvél upptekin í höfuðborginni Nýju-Delí en aðeins 16 prósent á þriðjudaginn í síðustu viku.

Indverska ríkisstjórnin hefur viljað rekja niðursveifluna til árangurs í sóttvarnaaðgerðum en grímuskylda er á almannafæri í öllu landinu.

Ymsir sérfræðingar vilja þó meina að ekki sé hægt að rekja orsökina til þess, þar sem greina megi hana þvert yfir landið, jafnvel þar sem grímunotkun sé ábótavant. Ekki sé heldur hægt að rekja niðursveifluna til bólusetninga þar sem Indverjar hafi ekki hafið þær fyrr en í janúar.

Einhverjir vilja rekja þetta til hjarðónæmis en það er sagt verða að teljast afar ólíklegt þar sem nýjustu rannsóknir á mótefnum bendi aðeins til þess að 21 prósent fullorðinna og 25 prósent barna hafi þegar sýkst af veirunni.



Sextíu þör voru vígð á einu bretti í Kolkata á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Það er ekkert kraftaverk á ferðinni hér.

Dr. Shahid Jameel
veirufræðingur



„Orsakasambengið liggur ekki fyrir, en við vitum að Indland sem þjóð er langt frá því að öðlast hjarðónæmi,“ segir Bhramar Mukherjee, prófessor í lífmælingum og faraldsfræði við Háskólann í Michigan.


Ein tilgáta er sú að Indverjar séu betur í stakk búnir til að takast á

við COVID-19 vegna þess hversu útsettir þeir eru fyrir öðrum smit-sjúkdómum á borð við kóleru, taugaveiki og berkla en ekkert hefur þó verið staðfest í þeim efnunum.

Þó að faraldurinn sé á undanhaldi á Indlandi er ljóst að of snemmt er að hrósa happi. Sumir sérfræðingar óttast að smit muni aukast með komu monsúntímabilsins sem byrjar í júní og markar upphaf flensutímabilsins í landinu. Aðrir telja jafnvel að ekkert óvanalegt sé við niðursveifluna sem endurspeglar kúfu faraldursins víðs vegar um heim.

„Það er ekkert kraftaverk á ferðinni hér,“ segir veirufræðingurinn Dr. Shahid Jameel. – **þsh**

SAMSUNG Í ORMSSON



**QLED Q 64T 30.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 299.900 KR**



**THE FRAME 50.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 429.900 KR**



**QLED Q 74T 50.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 329.900 KR**


SAMSUNG SJÓNVÖRP Á EINSTÖKUM TILBOÐSVERÐUM



**QLED Q 74T 20.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 179.900 KR**



**THE FRAME 20.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 179.900 KR**



**QLED Q 800T 130.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 699.900 KR**

SAMSUNG HEIMILISTÆKI Í ÚRVALI

Vrn. SARL38T602FB1/EF



**KÆLISKÁPUR M/FRYSTI
SVARTUR 203 CM
139.900 KR**

Loftkælikerfi, hljóðlátur, Space Max ný tækni, No Frost tækni o.fl.

Vrn. SARFG23RESL1/XEE



**KÆLISKÁPUR USA STÁL
329.900 KR**

Twin Cooling tækni, No Frost tækni, jöfn dreifing á blæstri í öllum hillum o.fl.

Vrn. SADV90T6240LN/S4



**ÞURRKARI 9KG Q DRIVE
144.900 KR**

Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og gervigreind sem lærir á þurrkvenjur, hraðkerfi o.fl.

Vrn. SAWW90T604CLN/S4



**ÞVOTTAVÉL ECOB M.GUFU 9KG
119.900 KR**

Íslenskt stýriborð, EcoBubble sparar rafmagn, AI-stjórnun, sjálfvirkur sápuskammtari o.fl.



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðuðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

SKOÐUN

Grátkór



Adalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Framafólki í pólitík ber saman um að áhugi á þátttöku í stjórnmálum sé að glæðast á ný. Flokkarnir eru byrjaðir að stilla upp framboðslistum sínum og fjölmiðlar hafa vart undan að flytja fréttir af nýju fólki sem vill hasla sér völl í stjórnmálum. Þetta er jákvætt. Hatur á stjórnmálum og stjórnmálaflokkum stendur lýðræðinu fyrir þrífum og því mikil gleðiefni að stjórnmálaflokkarnir finni fyrir auknum áhuga á þátttöku í stjórnmálum.

Það er eftirtektarvert nú í aðdraganda kosninga hve margar konur hyggjast hasla sér völl á stjórnmálasviðinu. Þótt það eigi eftir að koma í ljós hvernig kynjaskiptingin verður í þinginu að kosningum loknum er ekki að sjá á þessu stigi að það halli á konur í aðdragandanum, nema síður sé.

Á undanförmum áratugum hafa konur eftt sjálfs-traust sitt þannig í stjórnmálum, að þær sem komast til æðstu metorða, gera það á eigin verðleikum og metnaði. Þær þurfa hvorki kynjakvóta né fléttur.

Jafnfréttisvitund hefur einnig fest sig í sessi í hugum kjósenda af öllum kynjum og framboðslistar sem ekki eru í sémilegu kynjajafnvægi þykja einfaldlega ekki frambærilegir.

Þetta sjá flestir sem fylgjast með umræðunni. Samt heldur umræðan um ójöfnuð milli kynja í stjórnmálum áfram. Margar konur halda því enn fram að konur séu itrekað útilokaðar frá þátttöku í stjórnmálum á grundvelli kyns síns. Það vakti til dæmis athygli um helgina hve kvenlegir nýkynntir framboðslistar Samfylkingarinnar í Reykjavík eru. Herskár kvenréttindakonur láta þó ekkert stöðva sig í áróðri sínum og halda áfram að fullyrða, í andstöðu við raunveruleikann, að konum sé enn ýtt til hliðar til að rýma fyrir karlmönnum.

Þetta er leiðinleg orðræða svo ekki sé meira sagt, ekki síst vegna þess hve fáir treysta sér til að benda þeim á hið sanna, að þetta er beinlínis ósatt. Hið rétta er auðvitað að karlar gera vart annað í stjórnmálum í dag en að færa sig til að hleypa konum að. Þeir hafa flutt sig neðar á lista til að tryggja jafnvægi milli kynja, þeir hafa vikið úr oddvitasæti og jafnvel alveg af þingi. Karlar sýna konum, ef eitthvað er, meiri tillitssemi í íslenskum stjórnmálum en hægt er að ætlast til.

Það er fullt af öflugum, sterkum og ákveðnum konum í íslenskum stjórnmálum. Íslenskar stjórnmálakonur eru flestar bæði góðir hugsuðir og skörungar.

Þær konur, sem hanga í sjálfsvorkunn á hliðarlínunni, þurfa einfaldlega að taka sér þær til fyrirmyndar og hætta að grenja, eða fara að gera eitthvað annað.

Það þarf sterk bein til að vera í framlínu í stjórnmálum. Fólk sem hefur þau getur náð áhrifum óháð kyni, eins og breidd íslenskrar stjórnmálastéttar sýnir.

Þótt enn megi ótalmargt bæta í íslensku stjórnmálamenningu má sjá fjölmörg batamerki eftir erfitt tímabil. Eitt dæmi er aukinn áhugi á þátttöku í starfi stjórnmálaflokka, sem forystufólk þeirra finnur fyrir. Fögnuð þessum áhuga og ræktum hann. Höldum uppgjörunu áfram en með heiðarleikann í forgrunni. Eigum innistæðu fyrir umkvörtunarefnum.



Karlar gera vart annað í stjórnmálum í dag en að færa sig til að hleypa konum að.

Halldór



Frá degi til dags

Réttu mér atgeirinn!

„Að hræða menn með einhverri óskilgreindri, albanskri mafíu er ábyrgðarlaus fáfræði,“ skrifði Sverrir Agnarsson, fyrrverandi formaður Félags múslima á Íslandi, á Facebook í gær í viðbragði við Valentínusardagshugvekju Björns Inga Hrafnssonar á sama vettvangi. Þar minnti Björn Ingi á að lögreglan hefði lengi varað við uppgangi albönsku mafíunnar í íslenskum undirheimum. „Það er sorglegt ef litla saklausa borgin okkar með óvopnaðri lögreglu er orðin vettvangur slíkra afla,“ skrifði Björn Ingi, Sverri til allnokkurs óyndis.

Óskipulagðir glæpir

Sverrir spyr hvaðan Björn Ingi hafi upplýsingar sínar um svokallaða, albanska mafíu sem sé einhvern veginn „hættulegri en aðrar mafíur og geri það nauðsynlegt að þungvopna íslenskar löggætt.“ Glæpaklíkur frá Albaníu séu vissulega þekktar en ekkert bendi til að þeim sé miðstýrt frá heimalandinu. „Það er ekkert þríeyki með reglulega fundi um baráttuna við Albani sem Björn gæti sótt og fræðst og miðlað því sem hann lærir til okkar hinna,“ segir Sverrir í hlaðinni sneið til Björns Inga á Viljanum og mælir frekar með Decoding Albanian Organized Crime eftir Jana Arsovska sem góðri og fræðandi samantekt. toti@frettabladid.is

Hvað þarf marga stjórnmálamenn?



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður
Viðreisnar

Það er von að spurt sé. Aðkoma stjórnvalda að íslenskum póstmárkaði er minnsta kosti ekki til þess að bera hróðurinn út. Stjórnvöldum hefur nú í rúmt ár verið bent á ólögmeti undirverðlagningar Íslandspósta á pakkasendingum. Undirverðlagningu sem annars vegar kippir rekstrargrundvelli undan samkeppnisaðilum víðs vegar um landið. Eins og þessar afleiðingar séu ekki nægilega slæmar þá leiðir undirverðlagningin auðvitað til tapreksturs sem skattgreiðendur borga með samþykkisstimpli ríkisstjórnarinnar. Málið varðar svokallaða alþjónustu þar sem markmiðið er að tryggja hag notenda sem fengu ekki þjónustu hjá póstrekaða sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita þjónustuna. Í skjóli alþjónustusamnings við Íslandspóst er ríkið að fjármagna grímulaus undirboð fyrirtækisins á samkeppnismarkaði.

Þegar lög um pósthjónustu voru afgreidd á Alþingi vorið 2019 felldu stjórnarflokkarnir þrír, auk Miðflokks, breytingartillögu sem ég mælti fyrir hönd Viðreisnar, Samfylkingar og Pírata um að ráðherra yrði gert að taka saman upplýsingar um kostnað Íslandspóstis við framkvæmd alþjónustu frá árinu 2011. Upplýsingarnar yrðu gerðar opinberar og aðgengilegar almenningi, ekki síðar en 1. nóvember 2019. Hefði þessi gegnsæiskrafa verið samþykkt, værum við í betri stöðu núna.

Fyrirtækjum sem eiga hér hagsmuna að gæta með rekstur sinn er gert að ganga þrautagöngu á milli Pontíusar og Heródesar til þess eins að upplifa meðvirkni og aðgerðaleyfi í kerfinu. Þó vantar ekki umbúðirnar. Við erum að tala um tvo ráðherra, fjármálaráðuneyti og samgönguráðuneyti. Þar undir eru tvær eftirlitsstofnanir: Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið. Svo er pólitísk skipuð stjórn yfir Íslandspósti. Loks er það Alþingi sjálft.

Hvað þarf þá marga stjórnmálamenn til að reka pósthjónustu? Svarið er auðvitað: Engan. Allra síst stjórnmálamenn sem eru samofnir kerfinu og andsnúnir viðskiptafrelsi.



Fyrirtækjum sem eiga hér hagsmuna að gæta með rekstur sinn er gert að ganga þrautagöngu á milli Pontíusar og Heródesar...

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

Forsetaskipti þýða nýja nálgun í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna



Rósa Björk Brynjólfssdóttir
Þingmaður
Samfylkingarinnar



Viðskiptasamband okkar við Bandaríkin er líka mjög mikilvægt og við verðum að halda áfram á lofti við nýja ríkisstjórn vestra hugmyndum um viðskiptasamráð milli Íslands og Bandaríkin og þróa markmið okkar í því samráði.

Óhætt er að fullyrða að heimsbyggðin hafi andað léttar eftir að Joe Biden var kjörinn forseti Bandaríkjanna með sjö milljóna atkvæða mun. Það má með sannri segja að valdatíð Trumps hafi einkennst af ofstopa, valdniðslu og ósannindum, kynþáttahyggju og kvenfyrirlitningu. Trump dró Bandaríkin út úr alþjóðastofnunum, lokaði á för fólks til Bandaríkjanna frá ríkjum þar sem íslamstrú er almennt útbreidd, hélt úti grimmilegri innflytjendastefnu á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna, hafnaði niðurstöðum lýðræðislegra kosninga og hvatti stuðningsmenn sína nokkrum sinnum til ofbeldis, byggðu á kynþáttaförðum og hatursglæpum.

Með orðum sínum og framferðum gaf Trump hægri-öfgahópum, þjóðernisöfgasínum og nýnasistum lögmæti, sem endaði með því að undir hvatningu forsetans réðust stuðningsmenn hans inn í þinghúsið þar sem fimm létust. Til viðbótar við allt þetta, hefur aðgerða- og ráðaleysi Trump-stjórnarinnar við kórónaveirunni kallað yfir þjóðina mun meiri hörmungar en aðrar vestrænar þjóðir.

Strax á fyrstu dögum valdatíðar Bidens var munurinn skýr og ný forsetinn felldi úr gildi fjöldann allan af tilskipunum Trumps. Á fyrsta degi í embætti óskaði Biden meðal annars eftir því að Bandaríkin yrðu aftur aðili að Parísarsamkomulaginu, dró til baka úrsögn Bandaríkjanna úr Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og skipaði fyrir um ótal aðgerðir til að bregðast við COVID-19, ásamt reglugerðum um mannréttindi og minnihlutahöpa í bandarísku samfélagi.

Endurhugsum sambandið við Bandaríkin

Nú er því lag að skerpa á sambandi okkar Íslendinga við ný, bandarísk stjórnvöld sem eru með allt aðra sýn en þau fyrri. Að við ákveðum hvað við, sem fullvalda sjálfstætt ríki, viljum leggja áherslu á við ríkisstjórn Bidens og í samskiptum okkar við Bandaríkin.

Samband Íslands og Bandaríkjanna er sérstakt og hefur verið náð í 80 ár en það hefur líka verið umdeilt. Undanfarnir 4 ár hafa ekki verið undanskilin og þar hefur fjöldi funda utanríkisráðherra landanna tveggja verið hluti af því umdeilda sambandi. Góð samskipti við Bandaríkin skipta Ísland miklu máli, en þar skiptir öllu á hvaða grunni og forsendum samskiptin eru reist, hvort þau fari fram á grunninn sameiginlega gilda og gagnkvæmri virðingu. Áhugi Trump-stjórnarinnar á Norðurslóðum var drifinn áfram af karllægum yfirgangi og gamaldags valdabrótti, frekar en einlægum áhuga á því að tryggja góð og fríðsamleg samskipti við aðrar þjóðir á Norðurslóðum á tímum mikilla loftslagsbreytinga sem verður hvað mest vart við á Norðurskautinu. Dæmi um þetta var bókun Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu gegn samhentum aðgerðum til að sporna við loftslagsbreytingum. Nú þurfum við Íslendingar að eiga frumkvæði og koma fram með skýra sýn um Norðurslóðasamstarf sem byggist á aðgerðum gegn

loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra á umhverfi og náttúru.

Öryggissamstarf og viðskiptasamráð hugsað upp á nýtt

Í öryggis- og varnarmálum milli Íslands og Bandaríkjanna er nauðsynlegt að við leggjum aukna áherslu á nýja, aðkallandi þætti er varða öryggissamstarf á sviði netógnna og loftslagsbreytinga, í stað gamaldags nálgunar í varnarmálum. Biden virðist líka hafa vilja til að skera niður fjárframlög til varnarmála og nálgast þau á annan hátt en forveri hans. Það er fagnaðarefni fyrir okkur Íslendinga.

Viðskiptasamband okkar við Bandaríkin er líka mjög mikilvægt og við verðum að halda áfram á lofti við nýja ríkisstjórn vestra hugmyndum um viðskiptasamráð milli Íslands og Bandaríkjanna og þróa markmið okkar í því samráði. Tíðræddar hugmyndir utanríkisráðherra um fríverslunarsamning við Bandaríkin, þarf þó að móta og ræða betur á þinglegum vettvangi og setja í samhengi við aðra fríverslunarsamninga. Talið er líklegt að Joe Biden muni á næstu vikum móta viðskiptastefnu Bandaríkjanna með áherslu á enduruppbyggingu alþjóðaviðskiptakerfisins. Miðað við fyrstu fréttir mun hún hverfast um loftslagsmál og félagsleg réttindi sem eru jákvæð tíðindi fyrir Ísland.

Loftslagssamningur Íslands og Bandaríkjanna fersk og nauðsynleg nálgun

Loftslagsmálin eru algjör þungamiðja í utanríkisstefnu Bidens. Þess vegna lagði ég til í sérstakri umræðu á Alþingi sem ég hafði frumkvæði að í síðustu viku, um samskipti Íslands við Bandaríkin með nýjum forseta, að Ísland hafi frumkvæði að því að gera sérstakan loftslagssamning við Bandaríkin. Það getur lagt grunn að ótrúlega spennandi samstarfi á sviði orkuskipta, orkunýtingar, tækni- og vísindasamstarfs og yrði sannarlega mikilvægt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftslagsvánni. Sérstakur loftslagssamningur yrði líka ný, fersk og löngu þörf nálgun á samskipti ríkjanna tveggja og byði upp á fjölmörg tækifæri í framtíðarsamskiptum okkar við Bandaríkin. Nú er ekki bara lag, heldur nauðsyn.

Tilnefningar óskast til Nýsköpunarverðlauna Samorku

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, ætlar að verðlauna framúrskarandi nýsköpunarfyrirtæki á ársfundi samtakanna þann 10. mars.

Við leitum að nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem byggja á:

- Tæknilausnum fyrir orku- og veitugeirann eða þjónustu við orku- og veitufyrirtæki
- Nýtingu orku, heits vatns, neysluvatns eða fráveitu og/eða annarra auðlindastrauma til nýsköpunar

Nánari upplýsingar má sjá á www.samorka.is

Tilnefningar sendist á samorka@samorka.is fyrir 24. febrúar.



SAMORKA

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

AÐALFUNDUR 10. MARS 2021

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar félagsins í Hvammi fundarsal á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 10. mars 2021, kl. 16:00.

Boðið verður upp á streymi frá fundinum til þeirra hluthafa sem eftir því óska. Deim hluthöfum sem kjósa að fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda spurningar inn á fundinn með tölvupósti á fjarfestatengsl@reginn.is. Ekki verður boðið upp á rafrænar atkvæðagreiðslur á fundinum en þeim hluthöfum sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd eða veita forstjóra félagsins umboð til þess að fara með atkvæði þeirra á fundinum. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fylgjast með fundinum í gegnum streymi eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@reginn.is og þeir munu fá sendan hlekk á streymi af fundinum áður en hann hefst.

Dagskrá fundarinnar er svohljóðandi, sbr. 15. gr. samþykktar félagsins:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
- Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
- Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum í samræmi við tillögu stjórnar þar að lútandi.
- Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
- Kosning félagsstjórnar.
- Kosning endurskoðanda.
- Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
- Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á fjarfestatengsl@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúrhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að

framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarinnar, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarinnar. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktar félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur/.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna vísast til 24. gr. samþykktar félagsins, en krafa um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar, og önnur framkomin framboð, má finna á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur/. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 3. mars 2021. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf., Hagasmára 1, Kópavogi eða á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is. Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Gögn vegna fundarinnar verða aðgengileg á skrifstofu félagsins, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur/, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykktar félagsins.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 16. febrúar 2021.
Stjórn Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is



Griffin var mikill háloftafugl fyrstu ár sin í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þénar vel á hliðarlínunni

KÖRFUBOLTI Áttundi launahæsti leikmaður NBA-deildarinnar í körfubolta, Blake Griffin, fær þessa dagana greitt án þess að gera handtak fyrir lið sitt. Hann fær hálf milljón dollara fyrir hvern leik sem hann fylgist með á hliðarlínunni á meðan félag hans, Detroit Pistons, reynir að finna honum nýtt lið.

Spilamennska Griffin hefur dalað undanfarin ár og er hann ekki lengur sami stjórnualeikmaður og sá sem skrifaði undir risasamning hjá Los Angeles Clippers. Tæp þrjú ár eru frá skiptum hans til Detroit og er rúmt ár eftir af samningi Griffin, sem borgar honum tæplega fjórutíu milljónir dollara á ári.

Detroit hefur rúman mánuð til að finna Griffin nýtt heimili og fer ekki leynt með ástæðurnar fyrir því að hann sé á hliðarlínunni. Griffin hefur glímt við talsverð meiðsli undanfarin ár og vill Detroit ekki eiga á hættu að hann meiddist á ný. Meðan á því stendur fær hann um 500 þúsund dollara á leik sem hann fylgist með á hliðarlínunni, eða 64,4 milljónir íslenskra króna. – kpt

Ólafur ráðinn sem afreksstjóri

GOLF Ólafur Björn Loftsson var í gær ráðinn sem afreksstjóri Golf-sambands Íslands en hann tekur við starfinu af Gregor Brodie. Ólafur var Gregor innan handar sem aðstoðarmaður afreksstjóra undanfarin tvö ár sem Brodie sinni starfi landsliðs- og afreksþjálfara.

Ólafur Björn var um tíma atvinnukylfingur og vann Íslandsmeistaratitilinn í högggleik árið 2009. Hann er eini íslenski kylfingurinn sem hefur tekið þátt í móti á PGA-mótaröðinni, fyrir tíu árum síðan þegar hann tók þátt í Wyndham-meistaramótinu. Undanfarin ár hefur hann öðlast þjálfararéttindi hjá golfkennaraskóla PGA á Íslandi og hefur sinnt stöðu framkvæmdastjóra PGA á Íslandi. – kpt

Kristrún Rut og Glódís mætast

FÓTBOLTI Það verður Íslendinga-slagur í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvennaflokki þegar Glódís Perla Viggósdóttir mætir Kristrúnu Rut Antonsdóttur. Þetta varð ljóst eftir að dregið var í gær og Rosengård og St. Pölten lentu saman, en Selfyssingurinn Kristrún Rut samdi við austurríska liðið á dögnum.

Titilvörn Lyon með Söru Björk Gunnarsdóttur innanborðs, hefst gegn danska félaginu Brøndby en langt ferðalag bíður Karolínu Leu Vilhjálmisdóttur með Bayern sem mætir BIK Kazygurt frá Kasakstan. Áætlað er að leikirnir fari fram í byrjun mars. – kpt

Skemmtileg leið til að brjóta upp hefðbundnu golfmótin

Á dögnum var staðfest að fjögur mót á Evrópumótaröð kvenna færu fram með breyttu sniði, blöndu af einstaklings- og liðakeppni. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, sem keppti á slíku móti í Sádi-Arabíu, segir að þetta sé jákvæð leið til að auka fjölbreytileika tímabilsins, en það megi enn finnússa hugmyndina.

GOLF „Þetta var mjög skemmtilegt. Þetta brýtur aðeins upp þetta hefðbundna mótafyrirkomulag eins og þekktist í golfinu. Þetta var líka góð leið til að kynnast betur kylfingunum á túrnum,“ segir Guðrún Brá Björgvinsdóttir, þrefaldur Íslandsmeistari í golfi, aðspurð út í nýtt mótafyrirkomulag í golfi sem tekið var upp á Evrópumótaröð kvenna í golfi í fyrra. Mótin eru nokkurs konar blanda af hinum hefðbundna högggleik sem leikinn er úti um allan heim og fjórþolta (e. four-ball golf) þar sem kylfingar eru bæði að keppta fyrir eigin hönd en einnig hluti af fjögurra manna teymi, skipuðu þremur atvinnukylfingum og einum áhugakylfingi. Úr verður mót í líkingu við það sem kallast Pro-Am (e. Professional-amateur), mót sem eru þekkt í hinum ýmsu íþróttum í Bandaríkjunum.

Evrópumótaröðin, sem Guðrún og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni eru með þátttökurétt á, staðfestu á dögnum móta dagskrá þessa árs og þar voru fjögur mót af slíkri gerð á dagskrá. Mótin fara fram í New York, Singapur, London og King Abdullah Economic City í Sádi-Arabíu og eru í samstarfi við arabíska olíufyrirtækið Saudi Aramco og Golfssamband Sádi-Arabíu.

„Þetta var á sama tíma svolitid sérstakt. Við vorum fjögurra manna lið, þrjár atvinnukylfingar af mótaröðinni og einn áhugakylfingur og tvö bestu skorin á hverri holi töldu. Þannig skapaðist ákveðin stemning og maður vonaðist til að mótspilararnir væru að skora vel og það leyfði manni að taka meiri áhættu ef meðspilararnir voru komnir í góða stöðu.“

Guðrún tók þátt í tveimur mótum í Sádi-Arabíu fyrir áramót og fékk þar að kynnast þessu nýja mótafyrirkomulagi. Um leið var hún hluti af keppendum á fyrsta kvennagolfmóti í sögu ríkisins.

„Maður varð aðeins sóknjafari



Það var lítið um mót á fyrsta ári Guðrúnar á Evrópumótaröðinni en hún hefur leik á ný í vor. MYND/LET/TRISTAN JONES

●● Þetta brýtur aðeins upp þetta hefðbundna mótafyrirkomulag sem þekktist í golfinu.

Guðrún Brá Björgvinsdóttir

þegar tækifæri gáfust til, en á sama tíma þarf maður líka að huga að eigin leik. Þetta er tvískipt mót, bæði einstaklingsmót og liðamót, svo að maður verður að hugsa um það á sama tíma.“

Aðspurð tók hún undir að með því að finnússa hugmyndina til væri hægt að auka fjölbreytileikann á mótaröðinni.

„Það á enn þá eftir að finnússa þetta eitthvað til, sem er eðlilegt svona þegar verið er að byrja með þetta mótafyrirkomulag. Í Sádi-Arabíu var misjafnt hversu góður áhugakylfingurinn var. Einhverjir fengu frábæra kylfinga með tvo í forgjöf en sumir fengu kylfinga sem komu ekki með mikið á borðið.“

Evrópumótaröðin, sem er sú næststerkasta í heiminum á eftir LPGA, greindi frá því að það væru 27 mót á dagskrá í nitján mismunandi löndum þetta árið auk Ólympiuleikanna og Solheim-bikarsins. Verðlaunaféð á þessu ári er hærra en nokkru sinni fyrr. Áætlað er að fyrsta mótið hefjist um miðjan maímánuð og verður leikið þétt í

sex mánuði í fjórum mismunandi heimsálfum.

„Það er frábært að fá fleiri mót á mótaröðina og forráðamenn golfsins í Sádi-Arabíu eru með heilmikla peninga sem þeir virðast vera tilbúnir að setja í mótaröðina, sem er frábært. Það er mjög spennandi að lesa um þetta. Móta dagskráin lofaði góðu úr fyrri þegar heimsfaraldurinn kom upp og stöðvaði þær áætlanir. Það er jákvætt að sjá að þessi uppbygging á mótaröðinni er að halda áfram og móta haldið er á réttri leið,“ segir Guðrún og heldur áfram:

„Mann er farið að kitla í fingurna að komast aftur á grasið og að fá að keppta aftur.“

kristinnpall@frettabladid.is

Leno var hvattur til þess að fremja sjálfsvíg

FÓTBOLTI Bernd Leno, markvörður enska knattspyrnufélagsins Arsenal, kveðst hafa hætt að lesa samfélagsmiðla eftir leiki sem hann spilar, í kjölfar þess að hafa lesið ummæli þar sem lagt var til að gera slíkt hið sama og þýski markvörðurinn Robert Enke gerði árið 2009. Enke, sem lék með Hannover 96, Benfica, Borussia Monchengladbach og Barcelona á ferli sínum, framdi sjálfsvíg eftir að hafa glímt við þunglyndi, en hann var 32 ára gamall þegar hann lést.

Leno hafði átt slæman dag þegar hann stóð á milli stanganna í marki Bayer Leverkusen og stuðningsmaður liðsins setti þessi ógeðfelldu ummæli á samfélagsmiðla eftir leik.

„Ég hef orðið fyrir netniði, bæði þegar ég lék í Þýskalandi og núna þegar ég spila á Englandi. Það er alger bilun hvað stuðningsmenn láta út úr sér á samfélagsmiðlum,“ segir Leno í samtali við Skysports.

„Það versta sem ég hef lent í er



Þýski markmaðurinn í leik með Arsenal. MYND/GETTY

þegar ég var hvattur til þess að svipta mig lífi, eins og Enke gerði, þegar ég lék með Bayer Leverkusen. Á þessum tímamarki áttaði ég mig á því að það kæmi ekkert gott út úr því að lesa samfélagsmiðla. Þetta væri einfaldlega tímaeyðsla og ég hef ekki lesið samfélagsmiðla í

kringum leiki hjá mér síðan,“ segir þýski landsliðsmarkvörðurinn.

Netnið hefur verið mikið til umfjöllunar í enskum fjölmiðlum undanfarna daga eftir að sífellt fleiri leikmenn fóru að vekja athygli á málinu. Enska knattspyrnusambandið hefur í samstarfi við

leikmannasamtökin kallað eftir aðgerðum frá forstöðumönnum stærstu samskiptamiðla heims án árangurs.

Nýjasta dæmið átti sér stað um helgina þegar Anthony Martial varð fyrir kynþáttaníðueftir leik Manchester United og West Brom en nokkrir leikmenn félagsins hafa orðið fyrir kynþáttaníði eftir síðustu leiki félagsins.

Samherji Leno hjá Arsenal, Granit Xhaka, varð einnig fyrir bardúna á kynþáttafordómum stuðningsmanna Skyttanna fyrr á þessari leiktíð. Þá varð Hector Bellerin fyrir athugasemdum sem fólu í sér niðrandi ummæli um kynhneigð hans.

Í síðustu viku tilkynnti Instagram hertar aðgerðir gegn notendum samfélagsmiðilsins sem gerast uppvísir að fordómum. Í tilkynningunni kom fram að aðgangi þeirra sem viðhafi einhvers konar fordóma verði eytt, í meira mæli en gert hefur verið áður. – hó

Aðalfundur

Aðalfundur **Reita fasteignafélags hf.** verður haldinn kl. 15.00, fimmtudaginn 11. mars 2021 í fundarsal B á Hotel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 105 Reykjavík.

Vakin er athygli á því að tilhögun fundarhalds verður í samræmi við þær sóttvarnareglur sem í gildi verða á fundardegi, svo sem með því að takmarka aðgang að fundarsal og bjóða þá þess í stað upp á streymi, eða með öðrum hætti, að gættum öllum reglum hlutafélagalaga um hluthafafundi. Verða breytingar þar að lútandi tilkynntar í kauphöll eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fundinn.

Dagskrá fundar

1. Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
 - a. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
 - b. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
 - c. Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Kosning stjórnarmanna félagsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
8. Önnur mál, löglega upp borin.

Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.reitir.is/adalfundir. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið adalfundur@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 laugardaginn 6. mars 2021.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, mánudaginn 1. mars 2021. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@reitir.is og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykktar félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, þ.e. fyrir kl. 15.00 laugardaginn 6. mars 2021.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, fimmtudaginn 4. mars 2021, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4–12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykktar félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4–12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14.15 á aðalfundardag.

Reykjavík, 16. febrúar 2021. Stjórn Reita fasteignafélags hf.



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1510 Portúgalski aðmirállinn Afonso frá Albuquerque vinnur borgina Góu á sitt band, átakalítið.

1880 Alexander annar Rússakeisari kemst lifandi frá banatilræði.

1933 Fyrsta tölublað tímaritsins Newsweek kemur fyrir augu lesenda.

1969 Ísraelinn Golda Meir sver embættiseið sem forsætisráðherra Ísraels. Hún er fyrsta konan til að gegna því embætti.

1996 Garry Kasparov vinnur ofurskáktölvuna Deep Blue með fjórum vinningum gegn tveimur.



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
Guðmundur Friðriksson
fyrirverandi verkstjóri
frá Raufarhöfn,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð
á Akureyri, miðvikudaginn 10. febrúar.

Útförin fer fram frá Höfðakapellu,

Akureyri föstudaginn 19. febrúar kl. 11.00, jarðsett verður
á Raufarhöfn sama dag. Í ljósi aðstæðna verða aðeins
nánustu aðstandendur viðstaddir, en nálgast má streymi
á Jarðarfarir í Höfðakapellu – beinar útsendingar.

Hallsteinn Guðmundsson
Sigrún Guðmundardóttir
Ása Guðmundardóttir
Sigrún Kjartansdóttir
Elinborg Þorgrímsdóttir
Viktor Ingimarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Helga Jóhannsdóttir

áður til heimilis að Kjarrhólma 2,

lést á Hrafnistu, Skógarbæ, 8. febrúar.

Verður hún jarðsungin frá Kópavogskirkju
mánudaginn 22. febrúar kl. 13.00 að viðstöddum
nánustu ættingjum og vinum.

Streymi: utfor-helga-johannsdottir.is

Ragnheiður Halldórsdóttir
Kristján Halldórsson
Björn Magnússon
Svanfríður Eik
Kristjánsdóttir
Rúnarinn Halldórsson
Þórarinn Halldórsson
Hrafnkell Halldórsson
Margrét Sigurjónsdóttir
Bryndis Magnea Dardi
Nina Gangas Halldórsson
börn og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Halldóra Karvelsdóttir

sjúkraliði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir
föstudaginn 12. febrúar.

Útförin fer fram föstudaginn 19. febrúar

klukkan 13 frá Fella- og Hólakirkju og sökum sóttvarna eru
150 manna fjöldatakmörkanir við útför. Í ljósi aðstæðna er
því miður ekki hægt að hafa erfdrykkju.

Örn Ægir Brynjarsson
Ómar Guðbjörn Brynjarsson
Halldóra B. Brynjarsdóttir
Hlökkver Már Brynjarsson
Sigurður Ívar Leifsson
Andrés Einar Einarsson
Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
Jenný Parimarn
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartakær bróðir okkar,
mágur og frændi,

Bjarni Brands Matthíasson

húsgagnsmiður,

varð bráðkvaddur

á heimili sínu 1. febrúar sl.

Útför hans fer fram í kyrrþey.

Jensína Matthíasdóttir
Erna Matthíasdóttir
Jónas Hafsteinn Matthíasson
Ásgeir Torfason
Gunnar Ingi Gunnarsson
og frændsystkini.



Jóhannes í brúnni á Jónu Eðvalds SF-200, við bryggjuna á Höfn áður en lagt var á loðnumiðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN.

Loksins veiðist loðnan

Jóhannes Danner, skipstjóri á Jónu Eðvalds SF-200, lagði af stað á loðnuveiðar á mánu-
dagskvöld og var á leið í land með aflu um kaffileytið í gær – í fyrsta sinn í tvö ár.

Ég er bara í Bugtinni út af Skeiðarársandi og er að leggja af stað í land með 360 tonn þannig að hægt sé að starta vinnslunni. Þetta er bara smáskammtur," segir Jóhannes Danner, skipstjóri á Jónu Eðvalds, öðru af tveimur uppsjárveiðiskipum Skinneyjar-Þinganes á Höfn. Hitt er Ásgrímur Halldórsson. Þegar ég heyri í honum er ekki liðinn sólarhringur frá því hann sigldi út um Hornafjarðarós til fundar við loðnuna. Hann segir skipperja hafa verið káta að komast loksins á slíkar veiðar eftir tveggja ára hlé. Býst hann við að koma að bryggju um kvöldið og halda af stað aftur næsta morgun. „Svo lengist leiðin á miðin með hverjum deginum," lýsir hann.

Aflann um borð kveðst Jóhannes hafa fengið í tveimur köstum og svo hafi verið dælt af Ásgrími sem haldi áfram veiðum. „Það er ekkert mál að dæla á milli ef veður og sjólag leyfir. Þegar við erum með fullfermi stílum við upp á að koma með svona 800 tonn í vinnsluna.“

Þótt Dannerinn, eins og hann er kallaður, sé glaður að hafa fundið loðnuna segir hann ekki alveg normal ástand á miðunum, hún sé svo dreifð og hafi ekki hlaupið í stórar torfur. En skyldu vera mörg skip á svæðinu? „Við erum nú, fjórir Færeyingar, tveir Vestmannaey-



Jóna Eðvalds var smíðuð í Noregi árið 1975, þá sem frystiskip. MYND/SKINNEY-ÞINGANES.



Veidarnar eru að fara á fullt skrið og taka sjálfsagt fljótt af, því kvótinn er ekki stór í sögulegu samhengi.

ingar, tveir Hornfirðingar og Börkur frá Neskaupstað og það er ágætis veður þrátt fyrir að hann hafi nú ekkert spád of vel. Þetta er næstum eins og best verður á kosið, vantar bara að loðnan væri þétt-

ari. Ég held að flotinn sé allur að fara af stað, þannig að veiðarnar eru að fara á fullt skrið og taka sjálfsagt fljótt af, því kvótinn er ekki stór í sögulegu samhengi," segir Jóhannes og upplýsir að Skinney-Þinganes hafi fengið 4.500 tonn í allt.

Í hvernig vinnslu fer þessi fyrsti farmur? „Hann verður bara frystur á Japan. Hrognafylling hefur verið svona 14–15% hér á svæðinu. Það er akkúrat það sem Japaninn vill, þetta er alveg hágæðahráefni. Nú er aðalslagurinn um hvort menn fái nógu mikið af hrygnu versus hæng. Kröfurnar verða alltaf meiri og meiri. Kvenkynið er auðvitað vinsælla, það segir sig sjálf!“

gun@frettabladid.is



Elskulegur sonur minn,
faðir okkar, afi og bróðir,

Sigurður Rúnar Jónsson

lést á sjúkrahúsi á Filippseyjum
þann 29. janúar.

Kristín Sigbjörnsdóttir
Jón Andri Sigurðarson, Eyðis Helga Sigurðardóttir
Próstur Bjarni Sigurðarson
Kristín Hlíf Sigurðardóttir, Sunna María Sigurðardóttir
Unnsteinn Jónsson
Helgi S. Jónsson
og fjölskyldur.



Hjartans þakkir til ykkar allra er sýndu okkur stuðning og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfríðar Guðjónsdóttir

(Dædu)

Miðdalsgröf,
Strandasýslu.

Anna Guðný Björnsdóttir
Ásta Björk Björnsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Reynir Björnsson
og fjölskyldur.



MIDVIKUDAGUR 17. FEBRÚAR 2021

Heilsa



Alexandra Bernharðs kynntist Better You munnúðunum fyrst eftir að strákurinn hennar fékk í magann af D-vítamindropum. Þá prófuðu þau Dlux Infant munnúðann sem hann notar enn í dag, nú orðinn tveggja ára. Hún hefur einnig mjög góða reynslu af öðrum vörum frá Better You. MYND/ADSEND

MELTINGIN Í
1. SÆTI



Meiri orka og sjaldnar þreytt seinnipartinn

Loksins fann Alexandra Bernharðs lausn á að koma bætiefnum inn í sína daglegu rútinu, en munnúðarnir frá Better You hafa hjálpað henni að muna eftir þeim. ➔2

Framhald af forsiðu →

Alexandra kynntist munn-úðunum eftir að hún fann lausn á magaverk sem sonur hennar fékk af D-vítamindropum sem hún gaf honum og fór að sprauta D-vítamíninu upp í hann í staðinn. Hér deilir hún með okkur sinni reynslu og notalegru kvöldrútinu þeirra mæðgina.

Sonur minn fékk í magann af D-vítamindropum

Ég hef verið að nota vörurnar frá Better You í rúm tvö ár núna, en fyrsta varan sem ég keypti frá merkinu var Dlux Infant, eftir að nýfæddur sonur minn fékk í magann af öðru D-vítamíni sem við vorum að gefa honum. Mér var ráðlagt að prófa spreidd frá Better You og það fór mjög vel í hann og við notum það enn í dag en hann er orðinn tveggja ára. Það hefur alltaf verið mjög þægilegt að gefa honum spreidd og hann er núna byrjaður að biðja um að fá spreidd á morgnana þegar ég tek mín vítamín.

Ég hef sjálf aldrei verið hrifin af að gleypa vítamín í töfluformi, finnst það hreinlega erfitt að byrja morguninn þannig. Ég fór því að kaupa Better You munnspreyin fyrir sjálfa mig og þetta eru þau vítamín sem við fjölskyldan tökum í dag. Mér finnst svo einfalt að nota spreidd og það tekur enga stund að spreidd þeim upp í sig á morgnana, svo eru þau bara svo bragðgöð. Ég finn mikinn mun á mér eftir að ég bætti spreijunum í daglegu



rútinuna mína; ég er með meiri orku og verð sjaldnar þreytt þegar liða fer á daginn.

Notaleg kvöldrútin okkar mæðgina

Eftir góða reynslu af munnvítamínunum ákvað ég að prófa Magnesium Sleep Junior húdmjólkina frá sama merki á son minn, en ég hafði heyrt vel af henni látið. Núna eigum við mæðginin góða samverustund áður en hann fer að sofa og er það orðinn partur af kvöldrútinunni okkar að gefa honum fótanudd með Magnesium Junior kreminu til að hjálpa honum að slaka á eftir daginn.

Ég hreinlega elska þessa vöru og keypti mér Magnesium Sleep Adult sem ég ber á mig áður en ég fer að sofa. Magnesium er eitt af þeim steinefnum sem hefur slakandi áhrif á okkur og ég hef

heyrt að það sé mjög algengt að okkur skorti þetta mikilvæga steinefni. Ég finn fljótt fyrir róandi áhrifum magnesiumsins og næ betri slökun.

Gleymdi oft vítamínunum áður fyrir

Ég veit ekki hversu oft á ævinni ég hef byrjað að taka vítamín og ætlað að gera að rútinu en gleymi þeim svo alltaf, en eftir að ég byrjaði að nota Better You munnspreyin gleymi ég því ekki lengur. Ég held að það sé bæði góða bragðið og hversu einfalt það er að taka þau sem hjálpar mér að muna eftir þeim. Better You bætiefnalínan er mjög fjölbreytt og munnúðarnir innihalda hvorki gerviefni, sykur né glúteín, sem mér finnst vera mikilvægt og því get ég svo sannarlega mælt með þessari bætiefnalínu.



Alexandra ber Magnesium Sleep Adult á sig fyrir svefninn og segir að það hafi bæði slakandi og róandi áhrif. Sömuleiðis ber hún húdmjólkina á son sinn.

ÖFLUGIR GÓÐGERLAR fyrir alla fjölskylduna



Ég get svo sannarlega mælt með **Bio-Kult** vörunum sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

Laufey Steindórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og jógakennari.

Bio-Kult
stendur vörð um þína heilsu

Fæst í apótekum, heilsuþöðum og heilsuhillum verslana

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. febrúar 2021

7. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Selt fyrir 43 milljarða

Erlendir fjárfestar hafa selt íslensk hlutabréf fyrir um 43 milljarða króna á síðustu mánuðum. Megnið má rekja til sölu á bréfum í Arion banka.

2

Auknar kröfur um innviði

Forstjóri Landsnets segir að mikillar uppbyggingar flutningskerfis raforku sé þörf á næstu árum. Hringtenging flutningskerfisins sé þjóðaröryggismál.

6

Varanleg áhrif á verð

Hlutabréfaverð féll um 6,5 prósent þegar upplýst var um kynferðislega áreitni forstjóra í MeToo-byltingunni. Sama lækkun og þegar upp kemst um bókhaldssvik.

8

29 milljarðar í nýsköpun

Mikið fé streymdi í áframhaldandi uppbyggingu sprotafyrirtækja í fyrra. Lítið var fjárfest í nýjum tækifærum en vísisjóðir eru mikið til fullfjárfestir.

9

Hugaðir stjórnálamenn

Þótt hagvöxtur yrði í takt við meðalhagvöxt síðastliðinna 25 ára tæki það 15 ár að ná skuldaviðmiði samkvæmt lögum um opinber fjármál, segir hagfræðingur SA.

10



Fjárfest til framtíðar í flutningskerfinu

Forstjóri Landsnets segir að sterkt flutningskerfi raforku muni gegna lykilhlutverki við græna umbyltingu hagkerfisins. Fjárfestingaráætlun fyrirtækisins taki mið af þörfum framtíðar. Gjaldskrárhækkanir á stórnotendur voru óheppilegar, en Landsnet var bundið af lögum í málinu.

 Breytileiki raforkuframleiðslu er að aukast. Aukning vægis vindorku og sólarorku þýðir að það þarf sterkara flutningskerfi, enda er minna afhendingaröryggi einn fylgifiska þessara orkugjafa.

Guðmundur I. Ásmundsson,
forstjóri Landsnets

FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI



*GUCCI

Nýtt - sólgleraugu 2021

www.opticalstudio.is

Velta í verslun jókst um nærri fimmtung í fyrra

Vöxtur í verslun á Íslandi á síðasta ári tvöfaldaðist frá árinu 2019, en þetta kemur fram í nýjum tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar (RSV). Velta í netverslun jókst um 19 milljarða á árinu 2020 og nam í heildina um 32 milljörðum króna, sem svarar til um 152 prósentu aukningar milli ára. Velta í hefðbundinni verslun jókst um 52 milljarða og var 449 milljarðar í heildina. Þrátt fyrir miklar samkomutakmarkanir framan af síðasta ári var hefðbundin verslun um það bil 93 prósent af heildarverslun, að því er fram kemur í samantekt RSV.

Veltuaukning í innlendri verslun kemur fáum á óvart, en ferðalög Íslendinga erlendis lögðust meira og minna af síðasta vor þegar heimsfaraldurinn hóf innreið sína. „Verslunin skilaði sér heim á síðasta ári,“ segir Edda Blumenstein, forstöðumaður RSV. „Vefverslun jókst mest hlutfallslega í dagvöruverslun. Aukningin var alls 4,5 milljarðar eða 273 prósent. Margir byrjuðu að gera sín hefðbundnu heimilisinnkaup á netinu í mars og apríl á síðasta ári. Mikill vöxtur var einnig hjá verslunum með húsgögn og heimilisbúnað sem jókst um 258 prósent milli ára, eða alls 3 milljarða. Margir þurftu að verða sér úti um skrifstofuhúsgögn fyrir heimaskrifstofuna,“ segir Edda.

Aukning var í vefverslun alla mánuði ársins 2020. Mikil aukning var í apríl sem má rekja til harðra samkomutakmarkana, mesta velta og aukning milli ára var hins vegar í nóvember sem má rekja til tilbósdaga af ýmsu tagi. Má þar nefna Dag einhleypra, Svartan föstudag og Stafrænan mánudag.

Í krónum og aurum talið varð mest veltuaukning í áfengisverslun á Íslandi, eða sem nemur um 10 milljörðum króna. Það svarar til 40 prósentu aukningar frá fyrra ári. Edda bendir á að þessi veltu-

Tollfrjáls verslun þurrkast nánast út og dregst saman um sex milljarða. Mjög stór hluti af því er áfengi. Þar að auki voru áfengiskaup á börum og veitingahúsum augljóslega miklu minni en á síðasta ári.

Edda Blumenstein, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar



aukning bendi ekki endilega til þess að Íslendingar hafi drukkið meira áfengi á síðasta ári. „Tollfrjáls verslun þurrkast nánast út og dregst saman um sex milljarða. Mjög stór hluti af því er áfengi. Þar að auki voru áfengiskaup á börum og veitingahúsum augljóslega miklu minni en á síðasta ári. Mikill samdráttur í utanlandsferðum færði líka væntanlega einhverja áfengisneyslu heim sem ella hefði átt sér stað erlendis.“

Hlutfallslega mest veltuaukning varð í sölu á íþróttavörum, eða 41 prósent. Velta byggingavöruverslana jókst um riflega fjórðung og sala raf- og heimilistækja að sama skapi. „Í heildina þá breyttist neysluhegðun Íslendinga lítið á milli ára, þegar hlutfall vöruflokka af heildarkortaveltu í verslun er skoðað. Mikil aukning er í öllum helstu vöruflokkum milli ára, til dæmis í íþróttaverslunum. Ánægjulegt er að sjá að Íslendingar létu ekki lokun líkamsræktarstöðva og íþróttastöðva sig í að huga að bæði andlegri og líkamlegri heilsu,“ segir Edda. – thg



Hlutabréfasala í Arion stendur undir stærstum hluta af útlæðinu. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Erlendir sjóðir selt fyrir um 43 milljarða króna

Erlendir fjárfestar hafa selt íslensk hlutabréf fyrir tugi milljarða síðustu mánuði. Megnið má rekja til sölu á bréfum í Arion. Sértekar ástæður liggja að baki, að sögn forstjóra Kauphallarinnar. Góðar forsendur fyrir innflæði.

Erlendir fjárfestar hafa selt íslensk hlutabréf fyrir tugi milljarða króna á síðustu mánuðum. Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir líklegt að sértekar ástæður liggja að baki og telur góðar forsendur fyrir innflæði frá erlendum fjárfestum á næstu mánuðum, meðal annars vegna hlutafjárútbóðs Íslandsbanka og flokkunar markaðarins í vísitölu MSCI.

Markaðurinn bar saman hluthafalista skráðra félaga til þess að leggja mat á umfang sölu stærstu erlendu fjárfestanna á íslenskum hlutabréfum á síðustu mánuðum. Grófllega má áætla að þeir erlendu fjárfestar, sem hafa verið hvað atkvæðamestir á íslenska markaðinum undanfarin ár, hafi selt hlutabréf fyrir um 43 milljarða króna frá því í október og má rekja megnið, um 34 milljarða króna, til sölu fjárfestanna á bréfum í Arion banka.

Bandaríska sjóðastýringarfyritækið Eaton Vance hefur selt sig niður á íslenska markaðinum fyrir meira en tíu milljarða króna frá því í október. Fyrirtækið hefur selt um helming bréfa sinna í Arion banka fyrir um 2 milljarða króna. Eftir sölu nemur eignarhlutur Eaton Vance í bankanum um 1,34 prósent en miðað við markaðsgengi Arion banka er hluturinn metinn á um 3 milljarða króna.

Eaton Vance hefur einnig minnkad töluvert við sig í hinum sex skráðu félögum sem fyrirtækið er hluthafi í. Miðað við núverandi markaðsgengi hefur eignarhlutur fyrirtækisins í Símanum minnkað um 1,5 milljarða króna, eignarhluturinn í Eimskip um 2,5 milljarða króna og um milljarð í Eik fasteignafélagi.

Ad Arion banka undanskildum hleypur hlutabréfaeign Eaton Vance í hverju félagi einungis á nokkrum hundruðum milljóna króna. Hlutabréfaeignin nemur í dag um 5,6 milljörðum króna samanborið við um 17 milljarða króna í október. Fyrir utan eignarhluti í skráðum félögum þá á sjóðastýringarfyritækið einnig íslensk ríkisskuldabréf, skuldabréf á bankana og fyrirtækjaskuldabréf fyrir tugi milljarða.

Breski vögunarsjóðurinn Lans-

Salala erlendra sjóða frá október

Eaton Vance	9 milljarðar
Lansdowne	4 milljarðar
Taconic	14 milljarðar
Sculptor	16 milljarðar
Samtals	43 milljarðar

down hefur selt allan 2,3 prósentu hlut sinn í Arion banka fyrir nærri 4 milljarða króna frá því í október. Bandaríski vögunarsjóðurinn Taconic Capital seldi liðlega 9 prósentu hlut í Arion banka í tvennum viðskiptum í lok janúar og byrjun febrúar, en upphæðin nam samtals 14 milljörðum króna. Taconic er enn stærsti hluthafinn með samtals 14,5 prósentu hlut.

Þá hefur annar bandarískur vögunarsjóður, Sculptor Capital Management, selt í Arion fyrir samantals um 16 milljarða króna frá því í byrjun desember á síðasta ári. Sjóðurinn, sem áður hét Och-Ziff Capital, var áður annar stærsti hluthafi bankans með tæplega 10 prósentu hlut, en í síðustu viku kláraði hann sölu á síðustu bréfunum sem hann átti eftir í Arion.

Bloomberg greindi frá því í síðustu viku að innlausnir í sjóðum Sculptor hefðu numið 92 milljónum Bandaríkjadala á fjórða ársfjórðungi 2020 og 464 milljónum dala, jafnvirði tæplega 60 milljarða króna, yfir allt árið. Samfleytt útlæði hefur verið úr sjóðum Sculptor í sex ár, eða allt frá því að fyrirtækið var tekið til rannsóknar vegna spillingarmála í Afríku.

Margt leggst á eitt

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur líklegt að sértekar ástæður liggja að baki umfangsmikilli sölu erlendra sjóða í Arion banka.

„Kórónuveiran hefur heldur ekki hjálpað til vegna þess að fjárfestar hafa leitað inn á stærri markaði. En að því sögðu hefur gengið vel á markaðinum og verð hlutabréfa gefur ekki til kynna að markaðurinn sé niðurdreginn yfir tímabundnu útlæði,“ segir Magnús í viðtali við Markaðinn. Hann er bjartsýnn á að þátttaka erlendra fjárfesta aukist á næstu mánuðum.

Það eru góðar forsendur fyrir því að erlendir fjárfestar komi inn á markaðinn eftir því sem nær dregur maí.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar



Einn áhrifaþáttur í því er fyrirhugað hlutafjárútbóð í Íslandsbanka. Stefnt er að því að selja 25 til 35 prósentu hlut með hlutafjárútbóði og skráningu.

„Íslandsbanki er stór á íslenskan mælikvarða og er góð leið fyrir erlenda fjárfesta inn á markaðinn. Það má segja að þú takir stöðu í íslenska hagkerfinu með því að fjárfesta í íslenskum banka, vegna þess að þeir endurspeglar hagkerfið nokkuð vel.“

Virgni á markaði mikilvæg

Þá segir Magnús að ýmsar breytingar muni stuðla að aukinni þátttöku erlendra fjárfesta á markaðinum. Í því samhengi nefnir hann frumvarp sem ætlað er að draga úr skrifinnsku í kringum erlenda fjárfestingu í verðbréfum, nýlega kerfisuppfærslu hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð og flokkun íslenska markaðarins hjá vísitölufyrirtækinu MSCI. Íslenski markaðurinn verður formlega tekinn inn í vísitölu MSCI í maí en eignastýringarfyritæki víða um heim fjárfesta í ákveðnum sjóðum í samræmi við samsetningu vísitölnnar.

„Það eru góðar forsendur fyrir því að erlendir fjárfestar komi inn á markaðinn eftir því sem nær dregur flokkuninni í maí,“ segir Magnús.

Heildarvelta með hlutabréf í janúar var tæplega 84 milljarðar, sem er 6,8 prósentu aukning frá desembermánuði og nærri þriðjungu aukning frá sama mánuði í fyrra. Janúarmánuður var þannig næstveltumesti mánuður á innlendum hlutabréfamarkaði síðastliðin 12 ár. Virgni og aukin þátttaka á markaðinum er einnig þáttur sem erlendir fjárfestar horfa til, að sögn Magnúsar. **thorsteinn@frettabladid.is**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU



SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

25%
AFSLÁTTUR
af öllum sushirúllum
á matseðli í
TAKE AWAY



TILBOÐS
sushibakkinn



32 geggjaðir sushibitar
5.990 kr.

Panta þarf tilboðsbakkann fyrir kl. 14.00 samdægurs.

Tekið er við pöntunum í síma 568 6600
eða með fyrirvara á netfangið
sushisocial@sushisocial.is

Nánar á [sushisocial.is](https://www.sushisocial.is)

SUSHI SOCIAL
Þingholtsstræti 5 • 101 Reykjavík



Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar við undirritun. MYND/LV

Álverðstenging í boði á ný hjá Landsvirkjun

Batnandi, fjárhagsleg staða Landsvirkjunar undanfarinn áratug gerir það kleift að taka meiri áhættu í orkusölusamningum, að sögn Harðar Arnarsonar. Álverð hefur hækkað um 50 prósent á einu ári. Kaupskylda eykst í viðauka.

Þórður
Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Nýr samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto, þar sem samningsbundnið raforkuverð til álversins tekur að hluta mið af álverði, gæti verið fyrirmynd raforkusamninga milli Landsvirkjunar og álframleiðenda til frambúðar. Þetta segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Fjárhagsleg staða Landsvirkjunar í dag, samanborið við fyrir áratug síðan, sé töluvert sterkari. Þar af leiðandi geti fyrirtækið leyft sér að taka meiri áhættu í raforkusamningum með frekari stöðutöku á hrávörumörkuðum.

Greint var frá því í byrjun vikunnar að Landsvirkjun og Rio Tinto hefðu náð samkomulagi um breytingar á orkukaupasamningi milli fyrirtækjanna sem er í gildi til ársins 2036. Um er að ræða viðauka við upphaflega samninginn sem var undirritaður á árinu 2010. Líkt og áður sagði er álverðstenging aftur tekin inn í samninginn, auk þess sem grunni samningsins sem byggir á neysluverðsvísitölu í Bandaríkjunum, er breytt. Ekki var tekið fram í fréttatilkynningu vegna málsins hversu veigamikil álverðstenging er, en ætla má að hún sé innan við fjórðungur af heildarsamningsverði.

Mjög tvísýnt var um framtíð álversins við Straumsvík um skeið, einkum og sér í lagi þegar heimsmarkaðsverð á áli náði miklum lægðum á síðasta ári. Um mitt síðasta ár kom fram í árshlutauppgjöri Rio Tinto að álverði í Straumsvík hefði verið afskrifað að fullu úr bókum félagsins. Nam afskriftin um 269 milljónum dala, eða sem svarar til um 35 milljarða króna.

Í skýringum með uppgjörinu sem um ræðir kom meðal annars fram að Rio Tinto hefði gert tilraun til að „eiga í uppbyggilegum viðræðum



Tekjur Landsvirkjunar af samningnum verða svo að segja óbreyttar á næstu árum eftir þennan viðauka, miðað við hvernig framvirkt verð á áli er um þessar mundir. Sveiflur í tekjum í samningnum gætu þó orðið meiri.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

við Landsvirkjun, en hafi nú komist að þeirri niðurstöðu að Landsvirkjun sé ekki reiðubúin að lækka raforkuverð [til ÍSAL] sem einhverju nemur.“ Í komandi uppgjöri Rio Tinto verður því forvitnilegt að sjá hvernig álverði við Straumsvík verður fært til bókar.

Óbreyttar tekjur um sinn

„Tekjur Landsvirkjunar af samningnum verða svo að segja óbreyttar á næstu árum eftir þennan viðauka, miðað við hvernig framvirkt verð á áli er um þessar mundir. Sveiflur í tekjum í samningnum gætu þó orðið meiri,“ segir Hörður Arnarson, sem bætir því við að hann hafi alltaf talið forsendur fyrir hendi til að ná samningum við Rio Tinto. Stundarverð á áli um þessar mundir er tæplega 2.080 dalir á tonnið. Eftir að heimsfaraldurinn hóf innreið sína snemma á síðasta ári seig verðið í nærri 1.400 dali fyrir tonnið á tímabili. Stundarverð á áli hefur því hækkað um tæp 50 prósent á einu ári. Framvirkt verð á áli til afhendingar í desember 2022 var 2.142 dalir fyrir tonnið í gær.

Hörður segir að tekjur Landsvirkjunar vegna samningsins séu áætlaðar á þriðja hundrað milljarða króna frá undirritun viðaukans og

fram til loka samningsins árið 2036. Asamt því að taka álverðstengingu aftur inn í samninginn, eykst kaupskylda Rio Tinto, sem tryggir tekjur Landsvirkjunar frekar, segir forstjórinn. Áður hafi kaupskylda Rio Tinto verið um 85 prósent. Það hlutfall hækkar nú, en umfang kaupskyldunnar er trúnaðarmál milli fyrirtækjanna tveggja.

Að sögn Harðar er Landsvirkjun nú betur búin til þess að taka áhættu með viðskiptavinum sínum samanborið við fyrir áratug síðan. „Þegar ég tek við fyrir 10 árum voru skuldahlutföll Landsvirkjunar með þeim hætti að nauðsynlegt var að draga úr álverðsáhættu á bókum fyrirtækisins. Skuldir í hlutfalli við hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði hafa helmingast á þessum tíma. Því er meira svigrúm fyrir stöðutöku sem þessa nú,“ segir hann. Á síðasta ári hafi Landsvirkjun þannig gefið stórnotendum, þar á meðal álverum, allt að 25 prósent afslátt af raforkuverði þegar álverð hrundi á heimsmarkaði. „Þegar álverð tekur skarpa dýfu getur verið skynsamlegt að hafa einhvers konar sveiflujafnara í raforkusamningum. Landsvirkjun mun svo líka njóta þess þegar álverð hækkar,“ segir hann.

Falla frá kvörtun

Samhliða undirritun viðauka raforkusamningsins hefur Rio Tinto ákveðið að draga til baka kvörtun sína til Samkeppniseftirlitsins. Kvörtunin var formlega lögð fram í júlí á síðasta ári. Grundvöllur kvörtunarinnar var að mismunandi verð í raforkusamningum Landsvirkjunar fæli í sér mismunun gagnvart viðskiptavinum. Landsvirkjun væri því að misnota markaðsráðandi stöðu sína.

Að sögn Harðar var það ekki forsenda nýja samningsins að Rio Tinto drægi til baka kvörtunina. Í samningaviðræðunum hafi ýmis önnur útiðstandandi mál milli fyrirtækjanna verið rædd og það hafi verið niðurstaða Rio Tinto að draga kvörtunina til baka.

VETRAR TILBOÐ

á skrifborðsstólum



30%
AFSLÁTTUR

Fást í svörtu og hvítu
með eða án höfuðpúða

VERÐ FRÁ
61.372
m.VSK



Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956



www.ag.is



ag@ag.is



510 7300



Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur

Auknar kröfur á innviði raforkunnar

Forstjóri Landsnets segir að mikillar uppbyggingar flutningskerfis raforku sé þörf á næstu árum. Umfang fjárfestingaráætlunar fyrirtækisins hefur verið gagnrýnt af hagsmunaaðilum, enda hefur stærri eignastofn áhrif til hækkunar verðskrár. Hringtenging flutningskerfisins sé þjóðaröryggismál.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Guðmundur Ingi Ásmundsson hefur verið forstjóri Landsnets frá árinu 2015. Hann hefur starfað í orkugeiranum frá 1982, þegar hann réð sig til Landsvirkjunar. Nokkur styr hefur staðið um starfsemi Landsnets á undanförunum mánuðum, þar sem gagnrýni á lagaumgjörð sérleyfisfyrirtækja hefur verið höfð uppi af hinum ýmsu hagsmunaaðilum á raforkumarkaði.

Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2021–29 hefur þannig verið skotsþónn raforkuframléiðenda á Íslandi. Bent hefur verið á að

nýjasta kerfisáætlun Landsnets taki mið af raforkuspá Orkustofnunar frá því snemma á árinu 2020. Síðan þá hafi stóra myndin breyst nokkuð og vöxtur eftirspurnar raforku talinn munu verða minni en fyrir ríflega einu ári síðan. „Vissulega erum við að ganga í gegnum fordæmalausa tíma sem hafa áhrif á markaðinn til skemmri tíma. Við sjáum hins vegar mikil batamerki á markaðinum. Staða stórnotendanna er að færast í fyrra horf og óvissan að minnka. Samdráttur í ferðaþjónustunni hefur enn áhrif á smásölumarkaðinum en vænta má aukningar þegar faraldurinn gengur niður. Þegar ákvarðanir eru teknar um innviði sem munu standa í áratugi er mikilvægt að horfa til langs tíma. Við sjáum það til dæmis að fjölbreytt flóra orkuframléiðenda er að taka ákvarð-



Forstjóri Landsnets tekur undir það að nú sé ekki heppilegur tími til að hækka gjaldskrá stórnotenda. Fyrirtækið sé hins vegar

Tenging Fljótaldsstöðvar hagsmunamál allra

„Okkar hlutverk er að taka ákvarðanir sem tryggja aðgang allra að flutningskerfinu. Við okkar ákvarðanir um uppbyggingu er horft til heildarhagsmuna þar sem öllum er tryggður jafn aðgangur. Samkvæmt raforkulögum er okkur bannað að mismuna notendum kerfisins og skulum meðhöndla alla jafnt. Í því felst að uppfylla sömu kröfur um allt land. Ef við horfum til byggðalinnar milli Fljótaldsstöðvar og suðvesturhornins eiga fjölmargir hagsmunar að gæta þar. Til dæmis öll þau fyrirtæki og heimili sem eru staðsett á Norður- og Austurlandi. Við höfum skyldu til þess að tryggja aðgengi og öryggi þeirra samborið við þá sem búa í sterkari hluta kerfisins. Við getum því ekki horft á einstakar stöðvar einstakra aðila eingöngu.“

Í nýlegri umsögn sinni um kerfisáætlun velti Orka náttúrunnar upp þeim möguleika að kæra Landsnet til Samkeppniseftirlitsins vegna þess að uppbygging byggðalínu frá Austurlandi og á suðvesturhorn landsins hygði Landsvirkjun, enda geti fyrirtækið þá selt umframorku frá Fljótaldsstöð inn á raforkuferfið. Allir notendur kerfisins niðurgreiddi þannig þessa fjárfestingu í gegnum hækkandi flutningsgjöld, en aðeins Landsvirkjun njóti góðs af henni: „Ég hef ekki áhyggjur af því ef samkeppnisyrifvöld blanda sér í málið. Við erum að byggja upp flutningskerfi til framtíðar og núna eru ákveðnir flöskuhálsar í kerfinu sem bitna á sumum, en gagnast öðrum.“

„Byggðalínakerfið er helsti flöskuhálsinn í dag. Það byrjar í Hvalfirði, fer vestur um land og svo í gegnum Norðurland og Austurland og endar á Þjórsársvæðinu. Flutningsgeta kerfisins er um það bil 100 megavött í dag, sem er um það bil 5 prósent af rafmagnsframléiðslu á Íslandi. Þetta er auðvitað mjög takmarkandi. Það þýðir að Landsvirkjun kemst ekki með sína framléiðslu á Austurlandi til annarra landshluta í dag og þetta er það sem Orka náttúrunnar hefur vísað til. Það þýðir líka að

framleiðendur á suðvesturhorni landsins geta ekki boðið raforku til sölu á Austurlandi. Það er að minnsta kosti ekki okkar hlutverk að byggja upp eða viðhalda takmörkunum í kerfinu sem eru samkeppnishindrandi. En það má alveg snúa þessari mynd við og segja að það sé samkeppnishindrandi að takmarka tengingar inn á höfuðborgarsvæðið,“ segir Guðmundur.

Hann bendir á að uppbygging flutningskerfis raforku sé í raun þjóðaröryggismál, til dæmis með tilliti til jarðhræringa á Reykjanesi: „Ef eitthvað skyldi gerast í þeim efnum og raforkuöryggi höfuðborgarsvæðisins yrði ógnað, væri ágætt að geta fengið orku að norðan eða austan inn á suðvesturhornið til að fylla í skarðið svo heimili og fyrirtæki verði ekki fyrir orkuskerðingu. Ef einhver skakkaföll yrðu til að mynda á Hengilssvæðinu þá yrði það ekki bara rafmagnnið sem dytti út á höfuðborgarsvæðinu heldur mögulega líka heita vatnið. Ef það kæmi upp heitavatnsskortur á höfuðborgarsvæðinu þá er rafmagn eina leiðin til að hita upp. Hér höfum við horft til þess að Evrópuþjóðir líta á það sem þjóðaröryggismál að hafa um 15% flutningsgetu á milli landa. Eins og ég nefndi áðan, þá erum við með um 5% flutningsgetu innan landshluta. Ef það er horft á þetta sem þjóðaröryggismál þá geta flutningar raforku milli landshluta skipt sköpum,“ segir Guðmundur, og ítrekar að hlutverk Landsnets sé það að tryggja öllum jafnan aðgang að flutningskerfinu. „Það er auðvitað ákveðin hagsmunagæsla sem á sér stað í umsögnum um kerfisáætlun.“

„Eitt af sameiginlegum áhugamálum notenda kerfisins og þeirra sem framleiða raforku er að skrúfa niður innviðauppbyggingu, en það eru auðvitað notendur kerfisins sem greiða fyrir uppbygginguna í gegnum flutningsgjöld, sem taka mið af efnahagsreikningi Landsnets. Það er hefðbundið og eðlilegt að tekist sé á um þessi mál,“ segir hann.

anir um að reisa nýjar virkjanir og markaðssetja orkuna.

Það eru auðvitað fjölmargar sviðsmyndir byggðar á raforkuspá sem liggja til grundvallar nýjustu kerfisáætlunar okkar og við horfum til þeirra allra. En við gefum út kerfisáætlun árlega og stillum okkur af miðað við raforkuspá hverju sinni. Við reynum svo að stilla fjárfestingar af, þannig að flutningsgjöld haldist eins stöðug og mögulegt er. Raforkuspáin myndar grundvöll kerfisáætlunar til lengri tíma lítið,“ segir Guðmundur.

Flutt orka meira en tvöfaldast

Betri nýting flutningskerfisins, samfara auknum flutningi rafmagns milli landshluta, geti hins vegar dregið úr verðhækkunum: „Hafa verður í huga að ef raforkunotkun eykst þá fáum við betri nýtingu á flutningskerfið, sem heldur þá aftur af verðhækkunum. Þannig að það getur verið jákvæð þróun fyrir notendur kerfisins að flutningur aukist. Frá 2005 hefur magnið í kerfinu aukist um 125 prósent en rekstrarkostnaður á föstu verðlagi um 49 prósent. Með nýjum, sterkari tengingum milli landshluta, sem auka möguleika nýtingar á rafmagnni víða um land, getur það komið öllum notendum til góða,“ segir forstjórinn. Hann nefnir að núverandi kerfisáætlun verði ekki breytt, hún er komin í umsagnarferli til Orkustofnunar: „Henni verður ekki breytt nema stofnunin komi með einhverjar ábendingar.“ Vinna við gerð næstu kerfisáætlunar fyrir árið 2021 er þegar hafin.

Guðmundur segir að efla þurfi Orkustofnun til samræmis við sífellt aukin mikilvægi raforku í nútímahagkerfi: „Við viljum hins vegar gjarnan sjá miklu sterkari fagstofnun sem veitir orkugeiranum aðhald og ráðgjöf. Við teljum að það þurfi að efla Orkustofnun og huga að hlutverki hennar, þannig að hún verði ráðgefandi og leiðbeinandi og taki þannig einnig inn áskoranir framtíðar. Þá er ég ekki bara að vísa til kerfisáætlunar. Landsnet hefur það hlutverk að byggja upp flutningskerfið en við höfum líka það hlutverk að greiða fyrir viðskiptum með raforku.“

Uppbygging viðskiptakerfis og markaðar með raforku hafi gengið hægt hér á landi: „Við sjáum að slíkt hefur skilað miklum ábata í

ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!


33%
30 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut*



49%
50 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut*



66%
68 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut*



*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



hömlur á afhendingu rafmagns þó annar leggur af tveimur verði fyrir bilun. „Breytileiki raforkuframléiðslu er að aukast. Aukning vægis vindorku og sólarorku þýðir að það þarf sterkara flutningskerfi, enda er minna afhendingaröryggi einn fylgifyrsta þessara orkugjafa,“ segir Guðmundur.

„Rafmagn er alltaf að verða mikilvægara. Í grænni umbyltingu sem heimurinn er að ganga í gegnum verður rafmagn aðalorkugjafi hagkerfisins. Allt samfélagið stefnir í þá átt að rafmagn skiptir öllu máli. Hvort það er útfært með hringtengingu eða ekki er í raun aukaatriði. Af sömu sökum er mikilvægt að horfa á viðskiptakerfin samhliða uppbyggingu kerfisins, til að við getum nýtt okkur alla þá tækni sem er fram komin. Breytingar eru að eiga sér stað og raforkukerfin verða enn mikilvægari lífæð samfélagsins en þau eru núna.“

Óumflýjanleg hækkun gjaldskrár
Stærstu raforkuframléiðendur landsins, Samtök iðnaðarins og aðrir hagsmunaaðilar, hafa sagt að arðsemi sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði, einkum og sér í lagi Landsnets, sé nokkuð umfram eðlilega ávöxtunarkröfu. Einkum og sér í lagi í því lágvaxtaumhverfi sem nú er við lýði. Hækkun gjaldskrár Landsnets gagnvart stórnotendum upp á 5,5 prósent um síðastliðin áramót vakti að sama skapi mikil viðbrögð. Guðmundur segir að gert sé ráð fyrir því í lögum að arðsemi Landsnets sé innan ákveðinna marka. Eftir því hafi verið farið: „Það má taka umræðuna um hvort að breyta þurfi tekjumörkum eða arðsemismörkum Landsnets. Óháð nefnd sérfræðinga gerði það síðasta sumar og komst að niðurstöðu sem gilt hefur það sem af er ári. Nefndin hafnaði meðal annars sumum af þeim athugasemdum sem fram hafa komið.“

Eignarhald leiðir til vantrausts
Góðar ástæður eru fyrir því að flestar þjóðir hafi breytt eignarhaldi sérleyfishafa frá aðilum á samkeppnismarkaði. „Það er út af samkeppnissjónarmiðum og svo ákveðnum gagnstæðum hagsmunum flutningsfyrirtækja og orkuframléiðenda. Þessi staða truflar starfsemi Landsnets að því leyti til að það leiðir til ákveðins vantrausts. Ef þú ert stór viðskiptavinur Landsnets en ekki í eigendahópnum, þá hefur það þau óbeinu áhrif að við þurfum að hafa meira fyrir því að vinna traust viðskiptavina. Það er eðlilegt að kallað sé eftir breytingum á eignarhaldi Landsnets og núverandi eigendur fyrirtækisins eru því sammála. Ég vil samt minnst á í þessu sambandi að stórnotendagjaldskrá okkar hefur verið lakkandi frá stofnun fyrirtækisins, að raunvirði. Umræðan um gjaldskrána hefur mikið snúist um einstakar ákvarðanir í fortíðinni. Menn geta alltaf valið ákveðna tímamarkað og reiknað sig niður á ákveðna hluti. Hins vegar er það svo að fram að síðustu áramótum höfðum við ekki hækkad gjaldskrána frá árinu 2013 og frá þeim tíma hefur því verið um raunverðlækkun að ræða. Við viljum halda gjaldskránni stöðugri og helst ekki hækka hana og ég tel að við höfum fylgt þeirri stefnu eins og frekast er unnt frá stofnun fyrirtækisins.“

Forstjórinn er því sammála að núna hafi ekki endilega verið heppilegur tími til að hækka gjaldskrá, þar sem markaðsaðstæður hafi verið erfiðar frá því að heimsfaralduurinn hóf innreið sína. „Ræturnar liggja í fyrirkomulaginu samkvæmt raforkulögum. Við höfum kallað eftir auknu svigrúmi frá yfirvöldum til að færa tekjur milli ára en höfum ekki fengið. Við vorum því bundin af þessari verðhækkun samkvæmt lögum. Við megum færa tekjur milli ára í báðar áttir og vorum einfaldlega komin að mörkunum í þeim efnunum og þurftum að hækka til að vera yfir lögbundnum, neðri tekjumörkum. Við lögðum til að heimild

til flutnings á tekjum hækkaði úr 10 í 20 prósent um mitt síðasta ár, en það komst ekki í gegn. Þessi umræða kom í kjölfar óveðrana á síðasta ári þar sem áskorun var um að flyta fjárfestingum Landsnets. En til þess að geta fyllt fjárfestingum hefðum við þurft þetta aukna svigrúmi til að halda aftur af gjaldskrárhækkunum, en það fékkst ekki. Þar afleiðandi réðumst við í hækkunir. Við sjáum hins vegar mikil batamerki á orkumarkaðnum núna sem mun vega upp á móti hækkunarþörf,“ segir Guðmundur.

Flöt gjaldskrá bundin í lög

Nefnt hefur verið í umræðunni að flöt verðskrá Landsnets sé óskilvirk. Þannig rukki Landsnet sem nemur sex dölum á megavattstund, óháð því um hversu langan veg raforkan er flutt. „Þegar við tölum um verðskrá Landsnets þarf í raun að skipta henni í tvennt. Annars vegar er það rekstur flutningskerfisins og hins vegar kerfisþjónusta. Hið síðarnefnda kaupir Landsnet af orkuframléiðendum, þannig að tekjur okkar af hverri fluttri megavattstund er í raun um það bil fimm dalir, en ekki sex eins og rætt er um. Það sem út af stendur eru í raun tekjur orkuframléiðendanna. Raunverulegar tekjur okkar eru um fimm dalir af hverri megavattstund.“

Hugmyndir um að þeir stórnotendur sem staðsetja sig nær flutningskerfi, sem dregur úr fjárfestingarþörf á flutningskerfinu, njóti þess með einhverjum hætti eru góðra gjalda verðar, að sögn Guðmundar: „Þegar raforkulögin voru samþykkt var tekin ákvörðun um það að flutningsgjald verði hið sama óháð búsetu. Við höfum í sjálfu sér bara unnið eftir þeirri lagasetningu. Auðvitað getur verið skynsemi í því að færa orkufreka starfsemi nær virkjunum til að spara flutninginn. En besta leiðin til að ná fram aukinni hagkvæmni í þessum efnunum er að tilboðsmarkaður með raforku verði byggður upp. Skynsamlegt væri ef fyrirtæki hafa hvata til að staðsetja sig þannig að álag á flutningskerfið sé minna og verði síður til þess að fjárfesta þurfi frekar í flutningskerfinu. Hins vegar er hægt að leysa mikið af þessum vandamálum með frjálsum viðskiptum með orku, þar sem neytendur og seljendur rafmagns geta stillt sína notkun af betur. Lögin eru hins vegar þannig í dag að tryggja þarf jafnræði allra með tilliti til flutningskostnaðar, óháð því hvort þar er um að ræða einstaklinga eða stórnotendur. Okkar fjárfesting er hins vegar að vissu leyti alltaf hin sama, hvort sem notandi kemur upp sinni starfsemi við hliðina á virkjun eða ekki, því við þurfum alltaf að tengja virkjunina inn á flutningskerfið hvort sem er og vera reiðubúin til þess að flytja alla orkuna frá henni.“

Miða við afl frekar en orku

Samkvæmt núverandi samningum Landsnets þurfa notendur flutningskerfisins að greiða samkvæmt svokölluðum afltoppum. Þeir fjórir mánuðir sem notandinn flutti til sín mesta raforku mynda þannig grundvöll kostnaðar gagnvart Landsneti, jafnvel þó að miklu minni raforka sé flutt til viðkomandi hina átta mánuði ársins og það jafnvel þótt Landsnet skerði flutning vegna álags á kerfið: „Okkar fjárfestingar eru drifnar af afli frekar en orku. Við þurfum að byggja kerfið þannig upp að það ráði við afltoppana, þess vegna tekur gjaldskráin mið af fullri notkun. Það mætti alveg snúa þessu við og spyrja af hverju við ættum að miða verðskrána við orkunotkun? Með þeim hætti væru þeir sem nýta kerfið með rysjóttari hætti þá að njóta niðurgreiðslu frá þeim sem fullnýta það. En ætti Landsnet að greiða þóknunir til þeirra sem verða fyrir skerðingu? „Í stað þess að greiða þóknunir til þeirra sem verða fyrir skerðingu væri betra að taka upp markaðsfyrirkomulag þar sem notendur og framléiðendur geta brugðist við breyttum aðstæðum.“

bundið af lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Evrópuþjóðir líta á það sem þjóðaröryggismál að hafa um 15% flutningsgetu á milli landa. Eins og ég nefndi áðan, þá erum við með um 5% flutningsgetu innan landshluta. Ef það er horft á þetta sem þjóðaröryggismál þá geta flutningar raforku milli landshluta skipt sköpum.

Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets

nágrannalöndunum. Það ber að hafa í huga til dæmis að tilgangur heildsölumarkaðar er að skila hagkvæmasta verði á hverjum tíma til neytenda. Þá geta neytendur stýrt sinni notkun betur, bæði eftir hagstærðum og verði en líka eftir umhverfissjónarmiðum. Kerfi sem þessi hafa reynst vel víða um heim. Orkustofnun þarf að styðja við þessa uppbyggingu og vera leiðandi í því að koma á regluverkinu.“

Að sögn Guðmundar eru kröfur á raforkuinnviði að vaxa hratt og þar af leiðandi þurfi að gefa í við fjárfestingar. „Ef við fjárfestum bara fyrir afskriftir erum við ekki að fjárfesta fyrir nýjar þarfir. Fjárfestingar okkar þurfa að endurspeglar þarfir til framtíðar. Að sama skapi er mikil uppsöfnuð fjárfestingarþörf. Á síðastliðnum árum höfum við ekki í öllum tilfellum verið að fjárfesta umfram afskriftir, höfum jafnvel verið undir. Ef við horfum til Norðs, sem við erum oft borin saman við, þá hefur Statnett lýst því yfir að gjaldskráin muni hækka töluvert á næstu árum þar sem mikil fjárfesting er fram undan, bæði vegna uppfærslu á flutningskerfinu en líka vegna framtíðarþarfa. Statnett er þegar byrjað að hækka gjaldskrána til að safna fyrir fjárfestingum framtíðarinnar til að dempa verðhækkunir framtíðar.“

Minna afhendingaröryggi kallar á sterkara flutningskerfi

Uppbygging svokallaðs N-1 flutningskerfis um allt land hefur verið gagnrýnd vegna hás kostnaðar, en N-1 tenging stendur fyrir hringtengingu þar sem ekki verða



FEBRÚAR TILBOÐ
11.900 KR.
(FULLT VERÐ: 18.880 KR.)

TAPAS PLATTI

32 STK.

- Kolkrabbi með trufflu-kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette í boxi
- Marineraðar lambalundir með lakkrísósú í boxi
- Djúpteiktur humar í orly með aioli í boxi
- Beikonvafin hörpuskel og dödlur á spjóti með sætri chilli-sósu
- Nautaspjót með piparrótarsósu
- Kjúklingaspjót með alioli
- Tapassnitta með andabringu, aioli og mandarínu
- Tapassnitta með serrano hráskinku, piparrótarsósu og melónu



Í veisluþjónustu okkar finnur þú frábært úrval veitinga. Veislutilboð, sælkera- og lúxusveislur fyrir sérstök tilefni og svo getur þú líka valið þína upphaldsrétti og hannað þína eigin veislu.

Skoðuðu úrvalið á tapas.is
Pantanir í síma 551-2344
og á tapas@tapas.is



Hafði varanleg áhrif á hlutabréfaverð

Hlutabréfaverð féll um 6,5 prósent þegar upplýst var um kynferðislega áreitni forstjóra í MeToo-byltingunni. Það er sama lækun og þegar upp kemst um bókhaldssvik. Hlutabréfaverð fyrirtækja lækkar meira þegar umfang fjölmiðlaumfjöllunar er meira.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



MeToo-byltingin hafði varanleg áhrif á hlutabréfaverð þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll, í kjölfar þess að starfsmenn urðu uppvisir að kynferðislegri áreitni. Tveimur dögum eftir að upp komst um framferði þeirra lækkaði gengi hlutabréfa fyrirtækjanna um 1,5 prósent en hlutabréfaverðið leitaði síðan jafnvægis og var um 0,8 prósentum lægra en áður, tveimur vikum eftir að fyrsta frétt um brotið birtist. Þetta segir Úlf Níelsson, prófessor við Háskóla Íslands.

„Það er álíka mikil lækun og af öðrum alvarlegum hneykslismálum. Þegar forstjóri er sakaður um kynferðislega áreitni verður lækkunin mun meiri, eða sem nemur 6,5 prósentum. Segja má að dauðasyndin í viðskiptalífnum sé þegar fyrirtæki greina ekki satt og rétt frá bókhaldi sínu. Lækkunin sem rekja má til fréttar af kynferðislegri áreitni forstjóra er jafn mikil og af bókhaldsbrotum. Hlutabréfamaarkaðurinn lítur kynferðislega áreitni alvarlegum augum. Í 15 prósentum tilvika var um forstjóra fyrirtækjanna að ræða,“ segir hann.

Úlf fór fyrir rannsókn á áhrifum MeToo-byltingarinnar á hlutabréfaverð, sem birtist nýverið í fræðiritinu The Journal of Corporate Finance. Fréttablaðið greindi frá frumtíðisbrotum í nóvember árið 2019.

Í rannsókninni voru teknar fyrir fréttir á ensku og áttu 78 prósent tilvika sér stað í Bandaríkjunum, flest önnur í Englandi og Ástralíu. Um var að ræða um 200 tilvik, þar sem starfsmenn voru sakaðir um kynferðislega áreitni. Í helmingi þeirra var um munnlega áreitni að ræða en helmingur var líkamleg áreitni. Þó endur voru í 90 prósentum tilvika konur en 10 prósentum karlar. Yfirleitt var um einn þolanda að ræða, eða í ¾ tilfella, en í 15 prósentum tilvika voru þolendur sex eða fleiri.

Líklegra er að fjallað sé um kynferðisbrot starfsmanna fyrirtækja á neytendamarkaði í fjölmiðlum en þeirra sem starfa á fyrirtækjamarkaði. „Ef til vill rata frekar fréttir í fjölmiðla um fyrirtæki sem fólk almennt þekkir,“ segir hann.

Úlf segir að þegar lækkanir hafi



MeToo-hreyfingin spratt upp haustið 2017 eftir að ásakanir gegn leikstjóranum Harvey Weinstein komust í hámaili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Eins lækkar gengi hlutabréfa þeirra fyrirtækja ekki jafn mikið þegar forstjórinn er settur í leyfi, eða honum er sagt upp um leið og fréttirnar birtast.

Úlf Níelsson, prófessor við Háskóla Íslands



verið skoðaðar hafi verið tekið tillit til almennra verðbreytinga á hlutabréfum í rannsókninni. Ef, sem dæmi, markaðurinn hafi lækkað um tvö prósent og fyrirtækið líka hafi engin MeToo-áhrif mælst.

Hann segir að lækkun hlutabréfa-

Engin áhrif í afturhaldssömum löndum

MeToo-byltingin hafði ekki áhrif á hlutabréf í löndum þar sem viðhorf til kvenna eru afturhaldssöm, þar sem til dæmis er ætlast til að þær sinni eingöngu heimili og starfi ekki utan veggja

þess. „Það segir okkur, ásamt öðrum þáttum, að almenningsálitið er það sem knýr áfram gengislækkanir fyrirtækja sem verða uppvisir að kynferðislegri áreitni,“ segir Úlf.

verðs hafi verið meiri þegar mikið var fjallað um brotið í fjölmiðlum. „Ef til vill segir það sína sögu um hve alvarlegt brotið var,“ segir Úlf og bætir við að það sé í raun almenningsálitið, það hve mikill álits-hnekkirinn sé, sem ráði hvernig hlutabréfaverð þróist eftir að upp kemst um háttsemina.

„Starfsmenn fyrirtækja með góða stjórnarhætti eiga síður á hættu að verða uppvisir að kynferðislegri áreitni. Eins lækkar gengi hlutabréfa þeirra fyrirtækja ekki jafn mikið þegar forstjórinn er settur í

leyfi eða honum er sagt upp, um leið og fréttirnar birtast. Hið sama á við um gengisþróun þeirra fyrirtækja sem upplýsa sjálf um kynferðisbrot starfsmanna í stað þess að hluthafar lesi um þau í fjölmiðlum.

Það er afar kostnaðarsamt fyrir hluthafa þegar upp kemst um kynferðisbrot, eins og lækkanir hlutabréfaverðs bera með sér. Það er því til mikils að vinna að róa öllum árum að því að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað. Að sama skapi er fjárhagslega skynsamlegt fyrir hluthafa að brugðist sé

við með réttum hætti,“ segir hann.

Úlf segir að lækkun hlutabréfaverðsins sé mun meiri en yfirvofandi sektir vegna brotsins. „Greiðsla sekta getur því ekki útskýrt hvers vegna hlutabréfin lækka jafn mikið og raun ber vitni. Aðrir hafa nefnt til sögunnar að það geti reynst kostnaðarsamt að skipta um forstjóra. Aftur á móti sýna dæmin, þegar forstjóra er skipt út hratt eftir að upp kemst um kynferðisbrot, að sú kenning á ekki við rök að styðjast enda lækkar hlutabréfaverð ekki jafnmikið í þeim tilvikum,“ segir hann.

Eftir MeToo-byltinguna er kynferðisleg áreitni starfsmanna fjórum sinnum líklegri til að rata í fjölmiðla. „Kynferðisleg áreitni er því orðin meiri áhættuþáttur fyrir fyrirtæki – skilningur á því er af hinu góða – og hefur í för með sér að það borgar sig fyrir hluthafa að tekið sé föstum tókum á þessum málum. Mikil fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi,“ segir Úlf.

Búum í hagin fyrir atvinnulíf fram tíðarinnar

arionbanki.is

29 milljarðar streymdu í nýsköpun


Mikið fé streymdi í áframhaldandi uppbyggingu sprotafyrirtækja. Lítið var fjárfest í nýjum tækifærum en vísisjóðir eru mikið til fullfjárfestir.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



▮ Fjármögnun sprota

Milljónir dala



Heimild: Northstack

Fjárfest var fyrir 228 milljónir dala, jafnvirði 29 milljarða króna, í sprotafyrirtækjum á árinu 2020. Til samanburðar var meðaltal árinna 2015 til 2019 167 milljónir dala, jafnvirði 21 milljarða króna. Um var að ræða 26 fjármagnanir, samanborið við 29 árið 2019. Þetta leiðir samantekt Nortstacks, fréttavefs um nýsköpun, í ljós. Hún horfir ekki til fjármögnunar sem er minni en 50 milljónir króna. Þess vegna gæti fjöldi sprotafyrirtækja sem fékk fjármögnun á árinu verið meiri.

„Þrátt fyrir að COVID-19 hafi sett mark sitt á níu mánuði af árinu 2020 streymdu peningar í nýsköpun,“ segir Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, ritstjóri Nortstacks, í samtali við Markaðinn.

Hann dregur árið 2020 saman þegar lítið er til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum á þessa veginu: Mikið fjármagn streymdi í nýsköpun en það hafi lítið verið fjárfest í nýjum tækifærum heldur hafi fénu verið varið í áframhaldandi uppbyggingu sprotafyrirtækja sem hafi áður fengið fjármagn. Vísisjóðirnir hérlandis séu meira og minna fullfjárfestir og hafi því ekki fjármagn til að leggja í ný fyrirtæki. „Það væri gott fyrir sprotaumhverfið ef það tekst að safna í tvo sjóði á þessu ári og tvo sjóði á því næsta,“ segir Kristinn Árni.

Hann segir að erlendir fjárfestar hafi tekið þátt í um 70 prósentum af fjármögnunarlögunum. Hlutfallið var svipað árið 2019, að því er fram kom í frétt í Markaðnum fyrir ári.

Ef horft er fram hjá einstaka fjármögnun sem er yfir 30 milljónum dala, jafnvirði 3,9 milljarða króna, sem bjaga samanburð, má sjá að umfang fjármögnunar sprota fer vaxandi: Fjárfestingin nam 57 milljónum dala árið 2016, 35 milljónum dala árið 2017, 84 milljónum dala árið 2019 og 223 milljónum

dala í fyrra. Það var því slegið met þegar lítið er til fjármögnunarlotu sprotafyrirtækja sem eru minna en 30 milljónir dala.

Árið 2019 var fjárfest í sprotum fyrir 84 milljónir dala, eða 62 prósentum minna en árið 2020. Munurinn helgast, að sögn Kristins Árna, af því að mun fleiri stórar fjármagnanir hafi verið í fyrra og mun færri litlar fjármagnanir.

Hann segir að met hafi verið slegið í fjölda fjármögnunar sem hafi verið á bilinu 10 til 30 milljónir dala, 1,3 til 3,9 milljarðar króna. Þær voru átta talsins. Flokka megi þær sem vaxtarfjármögnun, það er að fjármagnið sé nýtt til að knýja áfram umtalsverðan vöxt til dæmis með því að ráða fleira starfsfólk.

Kristinn Árni bendir á að á undanförunum tveimur til þremur árum hafi nokkur fjöldi fyrirtækja fengið minni fjármögnun. Hluti þeirra hafi verið kominn á þann stað í fyrra að þau geti sótt stóra fjármögnun. Það gæti skýrt hvers vegna met hafi verið slegið í fjármögnunum sem liggja á bilinu 10 til 30 milljónir dala.

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

FEBRÚAR TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is



Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is, við þjónustuver í síma 444 7000 eða í netspjalli á arionbanki.is.



Skotsilfur



Væringar í Hafró

Nokkuð hefur gústað um Hafrannsóknastofnun síðustu misseri og undir árslok 2019 var ráðist í hag-ræðingaraðgerðir þar sem á annan tug starfsmanna var sagt upp störfum eða gerðir við þá starfslókasamningar vegna skipulagsbreytinga. Í þeim hópi var Þorsteinn Sigurðsson, fiskifræðingur og fyrrverandi sviðsstjóri uppsjávarsviðs Hafró, en hann var skömmu síðar ráðinn sem sérfræðingur í sjávarútvegsvæðingunni. Þorsteinn sækist nú eftir endurkomu á Hafró og er einn af sex umsækjendum um starf forstjóra stofnunarinnar, sem var auglýst laust til umsóknar í ársbyrjun, en **Sigurður Guðjónsson**, sem hefur stýrt Hafró undanfarin fimm ár, er einnig þar á meðal. Búið er við því að hæfisnefndin skili niðurstöðum sínum í næstu viku en að sögn þeirra sem þekkja til er altalað að ráðherrann, Kristján Þór Júlíusson, hafi lofað Þorsteini forstjórastarfinu eftir að hafa ekki skipað hann í stöðu skrifstofustjóra sjávarútvegsmála í ráðuneytinu, sem hann sóttist eftir sl. haust.



Hversu langt á að ganga?

Það er gleðiefni að faraldurinn sé í lægð. Þær fórnir sem þurft hefur að færa eru þó ekki smávægi-legar. Nú í vikunni var stjórnarskrá landsins enn látin vikja fyrir sóttvarnasjónarmiðum, þegar **Svandís Svavarsdóttir** heilbrigðisráðherra féllst á tillögur sóttvarnalæknis um harðari aðgerðir við landamærin. Síðustu mánuði hefur jafnræðisreglan verið brotin með sjónarmiðum sem aðgreina bari frá veitingahúsum. Meðalhófsreglan hefur verið höfð að spotti með hinu mikla lögregluáreiti sem fjöldi fólks hefur orðið fyrir. Nú verður íslenskum ríkisborgurum hugsanlega meinaður aðgangur að landinu á grundvelli sóttvarnasjónarmiða. Skiptir stjórnarskráin engu máli lengur?



Kanónur Citi

Bankasýslan freistar þess að finna ráðgafa við sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka. Stofnuninni bærust fjölmargar beiðnir, alls 23, frá innlendum fjármálfyrirtækjum og rötgrónum, erlendum fjármálastofnunum. Þeirra á meðal er Citi, en nokkuð í beiðni fjármálarisans vekur athygli. „Citi mun njóta reynslu ráðgjafa á borð við **Lord Mervyn King** og Anders Fogh Rasmussen, sem hafa mikla þekkingu á einkavæðingarkerfnum,“ segir í beiðni Citi. King var sem kunnugt er bankastjóri breska seðlabankans á árunum 2003 til 2013 og Rasmussen er fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur og framkvæmdastjóri NATO. Það skemmir ekki söluþing Citi að geta gripið til slíkra ráðgjafa.



Mótmæli gegn valdaráni í Mjanmar breiðast út til Bangkok



Mótmælt var valdaráni í landinu Mjanmar í borginni Bangkok í Tailandi. Ríkisborgarar Mjanmar létu til sín taka. Hér heldur einn þeirra á mynd af Aung San Suu Kyi, lýðræðislega kjörnum leiðtoga landsins frá árinu 2016 til 2021. Herinn setti hana í fangelsi og tók völdin í sínar hendur. Mjanmar var einungis lýðveldi í fáein ár en herinn stýrði landinu í áratugi. Á þeim tíma féllu lífsgæði í landinu samanborið við nágrannalöndin. FRÉTTABLAÐIÐ/ÉPA

Kallað eftir huguðum stjórnmalámmönnum



Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins


Ekkert hefur verið eins og það á að vera síðan kórónuveiran lagðist yfir heimsbyggðina af fullum þunga. Þó enn sé margt á huldu um framvindu mála og ógjörningur að spá fyrir um nokkurn skapaðan hlut er eitt sem verður hægt að treysta á í aðdraganda kosninga. Fyrirséð er að lofordaflaumur stjórnmalámmönnum mun aukast enn á næstunni. Nú þegar eygja stjórnmalámmenn og þjóðfélagsrýnar ýmis tækifæri til að veita sköpunargáfunni farveg í hönnun gamalkunnra útgjaldaloforda á krepputímum. Endurnær hugmyndir um stöðuga úþpenslu ríkisins munu án efa líta dagsins ljós.

Það eru þó ekki einungis heimili og fyrirtæki sem eiga erfitt með að ná endum saman í þessari kreppu. Ríkissjóður er sjálfur í hlyðjupri holu. Hallinn nemur um 40% af tekjum um þessar mundir með tilheyrandi skuldaföfnun. Varhuga-vert er að treysta á væntingar um kröftugan hagvöxt til að vinna á skuldunum. Jafnvel þó hagvöxtur yrði í takt við meðalhagvöxt síðastliðinna 25 ára tæki það 15 ár að ná skuldaviðmiði samkvæmt lögum um opinber fjármál.

Erfitt er að gera sér í hugarlund hverju stjórnmalámmenn gætu mögulega lofað við núverandi kringumstæður öðru en ábyrgð og aðhaldssemi í ríkisfjármálum. Slíkum hugmyndum er hins vegar lítið fyrir að fara.


Þörf á ráðstöfunum til að stöðva skuldaföfnun

Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu %VFL



Heimildir: Fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025

Afkoma hins opinbera árin 2021-2025 Milljarðar króna



Heimsmet í skattlagningu?

Velferðarkerfi okkar eru ákveðnar skorður settar með framleiðslugetu þjóðarbúsins. Tekjur ríkissjóðs geta ekki verið meiri en ákveðið hlutfall af þeirri framleiðslu. Vissulega er hægt að auka tímabundið við skuldsetningu til að fjármagna kerfið, en það er kostnaðarsöm skammtímalausn sem eykur aðeins á vandann til lengri tíma. Einhvern tímann og einhvern veginn þarf að brúa bilið og láta enda ná saman á ný með sérstökum ráðstöfunum fyrir tugi milljarða á hverju ári, eins og fram kemur í fjármálaáætlun. En hvernig? Þessari spurningu verða stjórnmalámmenn að svara fyrir komandi kosningar.

Tvieggjað sverð

Það er næsta víst að gamlar hugmyndir um skattahækkningar munu ganga í endurnýjun lífdaga nú þegar hallinn er jafn mikill og raun ber vitni. Nema ætlunin sé að slá heimsmet í skattlagningu, þá eru auknar álögur það sem landsmenn þurfa allra síst á að halda. Einhverjir gætu sagt að við þurfum ekki að skattleggja alla meira, bara suma – þá

sem þegar greiða mest. Hins vegar gleymist í þeirri umræðu að frekari hátekjuskattur og fjármagnstekjuskattur væru einungis dropi í hafid og gera ekkert til að taka á hinum mikla hallarekstri. Slíkir skattar hefðu að auki fælingarmátt á fjárfestingu, sem er botnfrosin og reynt er að auka við með ýmsum ráðum. Með öldrun þjóðar er nú þegar fyrirséð að sífellt færri munu koma til með að standa undir samneyslunni á komandi árum og áratugum. Það er óheillavænleg þróun.

Allar aðgerðir yfirvalda sem letja fólk frá störfum eða minnka hvata til að stofna eða reka fyrirtæki hér á landi eru skaðlegar velferðarkerfinu til lengri tíma. Hið eina rétta fyrir stjórnmalámmönnum nú í aðdraganda kosninga er að beita ímyndunarafliki í frjórri jarðveg og leita allra leiða til að nýta þá gríðarmiklu fjármuni sem ríkissjóður hefur úr að móða mun betur en nú er gert. Þá þarf að fækka steinum í götu þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum til samneyslunnar með verðmæta- og atvinnusköpun. Þar eru sannarlega tækifæri til umbóta og þótt fyrir hefði verið.

Erfitt er að gera sér í hugarlund hverju stjórnmalámmenn gætu mögulega lofað við núverandi kringumstæður öðru en ábyrgð og aðhaldssemi í ríkisfjármálum.

Viljinn í verki

Atvinnuvegaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið hafa nýlega látið vinna óháðar greiningar á því sem betur mætti fara hvað varðar regluverk og rekstur hins opinbera. Skýrsla OECD lagði til 438 tillögur til úrbóta í regluverki ferðaþjónustu og byggingariðnaðar. McKinsey benti á tækifæri til umbóta í heilbrigðiskerfinu, svo sem skilvirkari mönnum og útvistun verkefna. Fjármálaáætlunin er að leggja drög að sölu eignarhlutar í Íslandsbanka sem mun meðal annars draga úr þörf á skuldsetningu ríkissjóðs. Fjöldamörg tækifæri eru að auki til minnkunar skrifræðis og sam-eininga stofnana.

Leggja þarf stóraukinn kraft í þessa vegferð í átt að bættum rekstri hins opinbera og aukinni skilvirkni. Svo þarf að gera það sem er öllu erfiðara en að panta skýrslur. Það er að sýna viljann í verki með því að knýja nauðsynlegar, en stundum óvinsælar, breytingar í gegn. Þótt að það séu að koma kosningar.

25%

kynningar- afsláttur

af öllum vörum
frá **et al.**

Sjáðu úrvalið á hirzlan.is
og í sýningarsal okkar að
Síðumúla 37


MADE IN ITALY



Uni stóll

TILBOÐSVERÐ
22.400 kr.

LISTAVERÐ
29.900 kr.

Kynningarafsláttur gildir til og með 16. mars

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Hugljúfir draumar

Hugmyndir um samfélagsbanka hafa fengið byr í seglin að undanfögnu. Sannast sagna minna þær á hugljúfa drauma, að bankar án hagnaðarsjónarmiða muni þjóna samfélaginu með betri hætti.

Ef til vill yta rangfærslur undir þá drauma á borð við þær sem Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri og aðstoðarmaður fjármálaráðherra um tíma, bar á torgi greinaskrifum, að hámarkskostnað hafi í för með sér hámarkskostnað fyrir almenning. Sú fullyrðing er einfaldlega röng. Hagræðing í rekstri og samkeppni um viðskiptavinum, lyklatríði í einkarekstri, virðist ekki hafa náð til hans. Þessi atriði skipta líka sköpum á litlum mörkuðum.

Reynt hefur verið að reka samfélagsbanka hérlendis með ýmsu sniði. Annars vegar hefur Íbúðalánasjóður, sem var umsvifamikill áður en viðskiptabankarnir yfirtóku húsnæðislánamarkaðinn á árunum fyrir hrun, valdið ríkinu ómældu tjóni. Hins vegar urðu sparisjóðir að lúta í lægra haldi um viðskiptavinum fyrir viðskiptabönkunum. Þetta er þróun sem átt hefur sér stað alþjóðlega. Til að mæta þeim áskorunum var sparisjóðum á Ítalíu breytt í hlutafélög og í Frakklandi var reynt að koma á samvinnulýðræði í sparisjóðakerfinu en gekk illa.

Samfélagsbankar geta ekki keppt við einkabanka. Stjórnendur þeirra skortir aðhald frá eigendum. Því verður reksturinn óhagkvæmari og lánskjörverri, sem leiðir til þess að viðskiptavinir leita annað. Réttir eigendur að fyrirtækjum geta skipt sköpum fyrir rekstur, enda hafa mörg fyrirtæki gengið í gegnum endurnýjun lífdaga þegar nýir hluthafar koma að málum.

Það væri bjarnargreiði ef ríkisbönkunum yrði breytt í samfélagsbanka. Eigið fé Íslandsbanka og Landsbankans er samanlagt 444 milljarðar króna. Mun skynsamlegra er að selja þá og nýta fjármunina til að byggja innviði og greiða niður ríkisskuldir. Ríkið er ekki góður eigandi að bönkum, heldur er slíkt eignarhald uppskrift að stöðnun, hnignun og loks miklu tapi. Almennigur mun sitja eftir með sárt ennið.

Fær ABN Amro sem ráðgjafa við sölu

Hollenski bankinn ABN Amro verður stjórnendum Íslandsbanka til ráðgjafar við undirbúning á sölu á 25 til 35 prósentu hlut í bankanum í gegnum hlutafjárútbod og skráningu á markað síðar á árinu.

Með ráðningu á ABN Amro er meðal annars horft til þess að Bankasýslan, sem heldur utan um 100 prósentu eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, hefur talið skynsamlegt að líta til reynslu systurstofnunar sinnar í Hollandi



Birna Einarsdóttir,
bankastjóri Íslandsbanka.

– NFLI – þegar hollenski bankinn var skráður í kauphöllina í Amsterdam í nóvember 2015, með sölu á 23 prósentu hlut.

Hollenska ríkið yfirtók ABN Amro í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar en eftir skráningu á markað hefur ríkið haldið áfram að minnka eignarhlut sinn í bankanum – með sölu á 6,9 prósentu hlut í þriggja árunum 2016 og 2017 – og er enn í dag stærsti hluthafinn með rúmlega 56 prósentu hlut. – hae

16.02.2021

Þegar maður tekur fleiri skref í átt að hindrunum þýðir það að verkefnið verður þá stærra, að afnema það að nýju.

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ferðamálaráðgjafi



GERÐU KRÖFUR

Val á flísam sem standast tímans tönn krefst útsjónarsemi og þekkingar. Flísar frá Ítalíu og Spáni, brenndar, rétt skornar og í fyrsta flokki, skipa sér þar með í flokk bestu fánlegu flísa. Það skilur á milli famleiðanda þegar kröfurnar eru miklar. Kynntu þér flísarnar í verslun okkar Suðurlandsbraut 20.

Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is Opnunartímar: mán–fös kl.9–18

Egill Arnason™

2020 Fyrirtækisráðgjafi VR FYRIRTÆK ÁRSINS 2020


Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF
Guðjón Ó
Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



10 DAGA LAGERSALA ÓÐINGGÖTU 1 17-27 FEB ef birgðir endast.



Fullt af flottu frá
RUNDHOLZ, TRIPPEN, STUDIOB3, KLAES&MYRAS, LOFINA, SOCKMY FEET, LOQI OFL

Aðeins verður hægt að versla snyrtivörur í vefverslun!



KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINGGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boeliland
Opið mánud - föstud 12-18 laugard 12-16
www.boel.is

Loksins nóg eftir á tankinum

Prjónahönnuðurinn og fjölskyldukonan Sjöfn Kristjánsdóttir í Stroffi, hefur endurheimt orku sína og einbeitingu með bætiefnum frá ICEHERBS, sem og losnað við langvarandi fótaóeirð.

Það fundu allir á heimilinu stóran mun á mér eftir að ég fór að taka inn orkublönduna frá ICEHERBS. Ég var von að koma úrvinda heim á kvöldin og var sofnuð í sófanum klukkan sex. Ég átti erfitt með að vakna á morgnana og var alltaf þreytt. Ég er líka með tvo litla snáða sem þarf að svæfa á kvöldin, steinsofnaði yfirleitt með þeim og svaf til morguns. Nú er ástandið hins vegar gjörbreytt. Ég þarf ekki lengur að kasta mér í sófan eftir vinnu og sprett fram úr eftir að hafa svæft synina, ég á nóg eftir á tankinum og finn ótrúlegan mun á líkamlegri og andlegri orku," segir Sjöfn Kristjánsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, þriggja barna móðir, eiginkona og eigandi prjónabúðarinnar Stroffis.



Sjöfn Kristjánsdóttir í prjónabúðinni Stroffi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Prjónaæði í Stroffi

Í mars verða fjögur ár liðin síðan Sjöfn og eiginmaður hennar, Grétar Karl Arason, stofnuðu prjónaverslunina Stroffi.

„Ég hef alltaf elskað að prjóna, er heilluð af hönnun og sköpun og því hvernig heil flik getur orðið til úr engu þegar maður byrjar prjónaskapinn. Í fyrstu kunni ég ekkert en lá yfir prjónabókum, sá hvernig aðrir fóru að og klóraði mig fram úr því að búa til eigin prjónauppskriftir," segir Sjöfn, sem hannar og selur uppskriftir, garn og allt til prjónaskaparins í Stroffi.

„Fyrsta uppskriftin í Stroffi var barnapeysan Dögg en nú eru þær orðnar 140 talsins. Fljótlega fórum við líka að flytja inn yndislegt garn frá Ítalíu og Spáni, allt frá merino-ull, akrýl, bómull, silki og kasmír, en líka prjóna og alls konar skemmtilegt dót í hannyrðirnar," upplýsir Sjöfn og hægt

er að skoða úrvalið á stroff.is og í búðinni Stroffi í Skipholti 25.

„Nú er geysilegur áhugi á prjónaskap og ég hugsa að hann hafi minnst þrefaldast, jafnvel fjórfaldast í kófinu. Það er líka dásamlegt hobbí að prjóna, ekki síst fyrir sálartetrið, því það er svo notalegt og róandi að dunda sér við að skapa sitt hvað fallet. Það er líka sérstök tilfinning að klæðast því sem maður hefur sjálfur prjónað og gaman að geta prjónað flikur á börnin sín. Nú er mikil prjónatiska í gangi og ungar mæður vilja hafa börn sín í prjónuðum fötum, en það er líka sótt mikið í fullorðinspeysurnar.“

Kröftug orkublanda með D-vítamíni og íslenskri burnirót

Niðurstöður rannsókna sýna að nútímafólk fær ekki nóg D-vítamín úr fæðunni eða sólarljósi yfir vetrartímann, ekki síst á norðurlóðum. Því er mikilvægt að taka

inn D-vítamín til að tryggja nægilegt magn og munurinn leynir sér ekki þegar líkaminn fær loks nóg.

Burnirót er ein magnaðasta lækningajurt sem vex hér á landi og eitt best geymda leyndarmál jurtaríkisins. Hún er kölluð norrænt ginseng, enda þekkt fyrir einstök áhrif á aukna orku, einbeitingu og úthald. Burnirót vinnur líka vel með D-vítamíni. Í hverju hylki orkublöndunnar eru 2.000 einingar D-vítamíns, sem er viðmiðunargildi fyrir efri mörk daglegrar meðalneyslu, og er burnirótin handtínd á Íslandi, þurrkuð, verkuð og mulin.

Einstök magnesíumblanda

Magnesíum-blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og íslensk fjallagrös. Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem gott er að taka að staðaldrí því erfitt er að fá nægt magnesíum úr fæðunni.

Vegna tauga- og vöðvaslakandi áhrifa er magnesíum mikið notað til að draga úr sinadrætti og fótapirringi, það eykur slökun sem svo bætir gæði svefns.

Íslensk fjallagrös eru rík af steinefnum og talin auka skilvirkni í upptöku næringarefna sem gera bæði innihaldsefni sterkari saman.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS framleiðir hrein og náttúruleg bætiefni. Þar er lögð áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar innihaldsefna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni.

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Allar nánari upplýsingar á iceherbs.is.



Holl eða óholl heimavinna?

Að þurfa að vinna heima hefur áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Áhrifin eru bæði jákvæð og neikvæð. Hafi starfsfólk aftur á móti val eru áhrifin mun jákvæðari bæði á heilsu og vinnuafköst.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Heimsfaraldur kórónaveiru hefur orðið til þess að fjöldi fólks neyðist til að vinna heima, oft við verri vinnuáðstaðum en á vinnustaðnum. Margt starfsfólk er þó ánægt með heimavinnuna og niðurstöður úr vinnustaðagreiningu hjá Origo sýna að starfsfólki líður vel í vinnunni og jafnvel betur en áður. Niðurstöðurnar sýna umtalsverða hækkun í heildarstarfsánægju milli ára.

En hvaða áhrif hefur það á heilsuna að vinna heima? Áströlsk athugun leiddi í ljós að margt fólk hefur fitnað þann tíma sem það hefur unnið heima vegna auðvelds aðgengis að ísskápnem og ýmiss konar óhollustu. Fólk borðaði mikið fyrir framan tölvuskjáinn og tók sér ekki matarhlé. Rannsóknir sýna að það að sitja tímum saman fyrir framan tölvuskjá án þess að taka sér hlé er slæmt fyrir augun. Eins kvartaði fólk undan bakverkjum vegna langrar setu í óþægilegum stólum. En ef aðstaðan heima er góð



Að vinna heima hefur kosti og galla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

og starfsfólk er styrkt til að bæta vinnuáðstöðuna heima, getur heimavinna haft margvísleg jákvæð áhrif á heilsuna. Að vinna heima gefur fólki tækifæri á að hagræða vinnutímanum betur. Það getur betur nýtt tíma þegar litid er að gera í vinnunni til að skreppa í stutta göngutúra, henda

í þvottavél og minnka þannig stressið sem fylgir því að eiga það allt eftir á kvöldin. Það er þægilegra að standa upp og gera 10 mínútna æfingar heima reglulega yfir daginn án þess að trufla samstarfsfólkið, því það er jú heima hjá sér líka. Að henda í þvottavél og skokka 10 mínútna hringi

» Það getur verið gott að búa til þessi skil milli vinnu og frítíma með því að fara í stuttan göngutúr fyrir og eftir vinnu.

kringum hverfið ætti ekki að hafa áhrif á vinnuafköst þegar starfsfólk getur hagrætt vinnutímanum betur.

Við heimavinnu sparast mikill tími í ferðir til og frá vinnu sem minnkar streitu og býr til meiri frítíma. Aftur á móti getur það að ferðast ekki til og frá vinnu, heldur einungis að standa upp úr rúminu og labba fram í stofu, eða í það herbergi þar sem vinnan fer fram, gert skilin milli vinnu og einkalífs óskýr. Þegar skilin milli vinnu og einkalífs verða óskýr getur það gerst að tíminn sem sparast í ferðir til og frá vinnu nýtist bara í

meiri vinnu og minni hvíld. Fólk slítur sig aldrei almennilega frá vinnunni. Það getur verið gott að búa til þessi skil milli vinnu og frítíma með því að fara í stuttan göngutúr fyrir og eftir vinnu. Vinnan hefst eftir fyrri göngutúrinn og er lokið eftir þann seinni.

Að vinna heima gefur starfsmanninum tækifæri til betri einbeitingar þegar enginn er á staðnum til að trufla. Ef fólk nær góðri einbeitingu í vinnunni er hægt að nýta pásur til samvista með fjölskyldunni, til dæmis til að borða hádegismat eða fá sér kaffi saman, sem er gott fyrir andlega heilsu. En fyrir fólk sem býr eitt getur heimavinnan verið einangrandi og fyrir suma eru samskiptin við vinnufélaga mikilvæg upp á félagsleg tengsl. Einmanaleiki getur haft mjög neikvæð áhrif á heilsuna. Að vinna heima getur því haft ýmis jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu, en einnig neikvæð. En þegar starfsfólk hefur val, er hvorki tilneytt til að vinna heima né mæta á vinnustaðinn heldur hagar þessu eftir eigin höfði, þá geta jákvæð, andleg og líkamleg áhrif og vinnuframlag tvöfaldast.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

221 Málarar ehf geta bætt við sig verkum inni. Sími 772 1765

Múrur

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald



Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU.

Íbúð til leigu í Garðabæ fyrir einstakling eða ungt par með sérinngang, reyklaust og rólegt. Er laus nú þegar.

Upplýsingar í síma: 892-8825.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Heilsa

Nudd

Heilsunudd og slökunarnudd. Opð frá 9-19. Einnig um helgar S. 832 8863

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUD ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opð mán - fös 11-16,
Skiptiholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



GRINDAVÍKURBÆR

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010 veitti Grindavíkurbær, þann 12. febrúar 2021, Landsnet hf. framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 sem liggur innan sveitarfélagamarka Grindavíkur. Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, skv. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 frá 2000, liggur fyrir í álit Skipulagsstofnunar frá 22. apríl 2020.

Framkvæmdaleyfið og tengd gögn má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar undir vefslóðinni www.grindavik.is eða hjá skipulagsfulltrúa á netfangið atlageir@grindavik.is eða í síma 4201100.

F.h. Grindavíkurbæjar,
Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

Sjúkratryggingar Íslands

Rekstraraðili tímabundinna hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) auglýsa hér með eftir viðræðum við rekstraraðila, einn eða fleiri, á höfuðborgarsvæðinu sem getur tekið að sér rekstur hjúkrunarrýma til allt að fjögurra ára. Um er að ræða almenn hjúkrunarrými sem lúta lögum og reglum um færni- og heilsumat og greitt er fyrir með daggjöldum í samræmi við núgildandi samninga um rekstur hjúkrunarrýma.

Stefnt er að því að verkefnið hefjist 1. júní nk.

Upplýsingar má nálgast á heimasíðu SÍ undir: <https://www.sjukra.is/heilbrigdisstarfsfolk/oldrunarhjonusta/>

Einnig á vef stjórnarráðsins:

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Krofulysing_fyrir_hjukrunar_og_dvalarrymi_20092016b.pdf

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Vidmid_um_skiplag_hjukrunarheimila_2014.pdf

Nánari upplýsingar veitir samningadeild SÍ í gegnum netfangið innkaup@sjukra.is

Áhugasamir rekstraraðilar eru vinsamlega beðnir að tilkynna sig með tölvupósti á innkaup@sjukra.is fyrir 8. mars 2021.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is



www.verslun.is

FRÁ 1. FEBRÚAR - NETVERÐ

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN WWW.VERSLUN.IS

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Dragháls 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík



3 | 2
°C | ↘

Ísafjörður



3 | 5
°C | ←

Akureyri



2 | 4
°C | →

Breytileg átt 3-10 m/s í dag og rigning eða snjó-koma með köflum, en styttr upp norðaustan-lands í kvöld. Hiti um eða yfir frostmarki.

Egilsstaðir



1 | 3
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



3 | 3
°C | →

Hveravellir



-1 | 7
°C | ↓

Fimmtudagur

Reykjavík



4 | 2
°C | ↘

Ísafjörður



4 | 10
°C | ↗

Akureyri



3 | 1
°C | ↖

Egilsstaðir



0 | 3
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



2 | 8
°C | ↘

Hveravellir



-6 | 2
°C | ↑

Föstudagur

Reykjavík



2 | 5
°C | ↘

Ísafjörður



1 | 2
°C | ↖

Akureyri



2 | 1
°C | →

Egilsstaðir



2 | 1
°C | ↘

Kirkjubæjarkl



2 | 3
°C | ↓

Hveravellir



-5 | 4
°C | ↓

LÉTT

	2		1	5		6	
	6		2			9	
					8		5
		1		4	8		3
			3	5	9		
9		2					
6		3	9	1	7	5	
1						6	7
	9					3	

MIDLUNGS

	8				5	3	
1			7		4	2	
6	2			4		9	
	4			8			
			9	5	1		
			2		6	3	
	1				5	8	6
7		1				3	
9							

PUNG

	2				5			8
			6			9		
	5	9			8	1	2	
		2				7	6	
		4		6			3	
				5	3			1
						1		7
9	3							
2			9			8		

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 mjóróma
- 5 spangóla
- 6 ákefð
- 8 spil
- 10 í röð
- 11 er
- 12 drykkur
- 13 stífa
- 15 uppruni
- 17 véla

LÓDRÉTT

- 1 smitast
- 2 útungun
- 3 fljótfaerri
- 4 krydd
- 7 jafnhliða
- 9 frosinn
- 12 brjóta
- 14 málmur
- 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 skrák, 5 vta, 6 as, 8 kasina, 10 jk, 11 samtöa, 9 isauur, 12 mola, 14 tin, 16 m.
LÓDRÉTT: 1 sýkfast, 2 klak, 3 ras, 4 kanel, sem, 12 mar, 13 stöð, 15 tilur, 17 narra.

Skák Gunnar Björnsson

Maculjski átti leik gegn Gurevich í Sovétríkjunum árið 1977.

1. Dxe6+! fxe6 2. Bxg6+ Ke7 3. Bg5+ Rf6 4. exf6+ Kd7 5. Re5# 1-0. Wesley So vann sigur á Óperumótinu á Chess24 sem lauk um helgina. Hann vann Magnús Carlsen í úrslitaevígi. Öðlingamót (40+) hefst í kvöld. Yrðlingamót TR (18-39 ára) hefst á morgun. Öllum opið.

www.skak.is: Öðlinga- og Yrðlingamót.


Hvítur á leik



7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus




Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING KOIL

KING
KOIL
LUXURY
CABINETS



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.



SJÓN ER SÖGU RÍKARI



„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvildari
eftir að ég fór að sofa á King Koil.

Ég mæli persónulega og faglega með King Koil.“

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.

Kírópraktör/ Framkvæmdastjóri

Kírópraktörstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

**LÍFRÆNAR TÓMATVÖRUR
FRÁ ÍTALÍU**



398 kr./750 ml

Himneskt Lífrænt Eplaedik
750 ml



598 kr./200 ml

Himneskt Lífrænt Engifersköt
200 ml



259 kr./200 g

Himneskt Tómatpúrta
200 g



198 kr./425 ml

Himneskt Tómatpassata
Himneskt Maukaðir Tómatar
425 ml

FRÁBÆRT Í SMÚÐINGINN



398 kr./pk.

Euro Shopper Bláber
500 g



498 kr./pk.

Euro Shopper Jarðarber
1 kg



598 kr./pk.

Euro Shopper Mangó
1 kg



**Náttúruleg
Próteinbomba**

Inniheldur 19-24g
prótein pr. 100g



89 kr./dósin

Euro Shopper Bakaðar Baunir
420 g

98 kr./dósin

Euro Shopper Kjúklingabaunir
400 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

5KIND NUDDGELIÐ ER MEÐ
VIRKU INNIHALDSEFNI ÚR HAMPÍ



2.998 kr./stk.

5KIND Hemp Nuddgel
300 ml

E45 KREMIÐ
VIRKAR VEL Á ÞURRA HÚÐ



1.259 kr./stk.

E45 Krem
350 g



3.598 kr./pk.

Gillette Fusion Rakvélablöð
8 stk. í pk.



69 kr./dósin

Coca-Cola / Coca-Cola Zero
Fanta Zero
330 ml

KOFFÍNLAUSIR

Íþróttadrykkir



ÓMISSANDI
Í RÆKTINA

98 kr./stk.

upGrade Zero
500 ml

BÓNUS

það munar um minna

Fólk beið í röðum eftir nýjum leirmunum

Bókin Deiglumór, keramik úr íslenskum leir 1930–1970, er nýlega komin út og samnefnd sýning hefur verið opnuð í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi í Garðabæ. Fjöldi mynda prýðir þetta mikla verk.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Meðgangin var löng en nú er fæðing afstaðin," segir listakonan Inga Sigríður Ragnarsdóttir glaðlega um útkomu bókarinnar Deiglumór, keramik úr íslenskum leir 1930–1970. Það er stór bók og fyrir utan fróðleik og frásagnir prýðir hana fjöldi mynda. „Arnari Frey Guðmundssyni hefur tekist frábærlega að hanna bókina, að mínu mati," segir Inga Sigríður, sem er höfundur ásamt Kristínu G. Guðnadóttur listfræðingi. Sigríður Sigurjónsdóttir, safnstjóri Hönnunarsafns Íslands, hefur lagt þeim lið og ritar formála. „Samstarfið við Sigríði hefur verið ánægjulegt og auðvitað frábært að út úr því hafi komið sýning," segir Inga Sigríður, því meðfram útgáfu bókarinnar var opnuð samnefnd leirlistasýning í Hönnunarsafninu.

Hóf rannsóknir á efninu 2003

Höfundarnir hófu ritun bókarinnar 2018 en Inga Sigríður kveðst hafa stundað rannsóknir á efninu frá 2003, með hléum. Hvað finnst henni standa upp úr eftir þær? „Til dæmis að uppgötva að á 19. öld var uppi Breiðfirðingur sem framleiddi leirskálar. Það var Benedikt Oddsson í Skáley, lítilli eyju við Skógarströndina. Hann var skáld, bóndi og keramikur, sem notaði leir úr Dölnum og fékk styrk frá Landssjóði árið 1879 til að læra að framleiða leirmoni. Guðmundur frá Miðdal nefnir einhvers staðar að Theódóra Thoroddsen skáld hafi átt fallega skál sem hann gerði og nokkra afkomendur hennar rekur minni til að hafa heyrt um skálina. En styrkurinn sem Benedikt fékk var of litill til að hann treysti sér til að fara út í lönd að læra leirkeragerð eins og hann ætlaði sér."

Deiglumór er gamalt orð yfir íslenska leirinn, að sögn Ingu Sigríðar. Hún segir visbendingar vera um að hann hafi verið nýttur frá upphafi byggðar í landinu. „Þótt faðir



Inga Sigríður Ragnarsdóttir myndlistarmaður, Arnar Frey Guðmundsson, grafiskur hönnuður og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kanna eftir Guðmund frá Miðdal.



Á myndinni sést vaskur hópur starfsfólks í verkstæðinu Funa.



Vasi eftir Kjartan Ragnarsson, 1957.

**Sjálfvirkur
opnunarbúnaður og
snertilausir rofar frá**

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN & GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

minn, Ragnar Kjartansson myndhöggvari, væri ekki aftan úr fornöld notaði hann þetta gamla orð stundum, hann hafði brennandi áhuga á leirnum og stofnaði verkstæðið Funa 1947 með þremur öðrum og síðar Glit 1957. Svo var tímamótasýning 1960 í Ásmundarsal þar sem höfundarnir voru Ragnar og Dieter Roth. Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson (1923–1988) er útgefið bókinnar."

Upphaf íslenskrar listhönnunar
Frumherji leirlistar á Íslandi er talinn Guðmundur Einarsson frá Miðdal, hann náði tókum á íslenska leirnum, gangsetti verkstæði 1930 og hélt fyrstu sýninguna í desember það ár, að sögn Ingu Sigríðar. „Bókin átti að koma út í desember 2020 í til efni þess að 90 ár voru frá því Guðmundur, Lydíja kona hans og fleiri

samstarfsmenn hófu starfsemi í Listvinahúsinu. En vegna COVID-19 frestaðist útgáfan." Í formála bókar kemur fram að umrædd sýning í Listvinahúsinu marki upphaf íslenskrar listhönnunar og næstu ár á eftir hafi fólk oft staðið í röðum utan við verkstæði Guðmundar þegar fréttist að taka ætti nýja muni úr brennsluofninum. Sautján ár liðu þar til verkstæðum fjölgaði en úr því spruttu þau upp eitt af öðru og myndir í bókinni sýna framleiðslu þeirra.

Inga Sigríður minnst á að nú sé 40 ára afmæli Leirlistafélagsins en segir bókina eiginlega enda 1970 þegar gömlu meistarnir hættu og einnig var hætt að nota íslenska leirinn. „Þá voru komnir nýir keramikerar, ný efni, ný tæki og Myndlistaskólinn búinn að setja upp sérstaka keramikdeild."



Kaffistell eftir Dieter Roth, 1960.



Við dúxum í jafnrétti

Vörður er eina fyrirtækið á Íslandi sem fær 10 í einkunn á kynjakvarða GEMMAQ sem veitir upplýsingar um kynjahlutföll í stjórnunarstöðum fyrirtækja. Frá því við fengum jafnlaunavottun, fyrst allra fjármálafyrirtækja, höfum við einsett okkur að vera leiðandi á sviði jafnréttismála.

Stöndum vörð um samfélagið



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

Ný og falleg smávaka
... frá Nordal og Broste



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

SKRÁÐU ÞIG Á
PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ

HRINGBRAUT

- 20.00** **Á Loðnuveiðum** - með Lindu Blöndal (e) Linda Blöndal og Friðþjófur Helgason tókumaður fóru um borð í veiðiskipið Viking og sigldu frá Akranesi á loðnuveiðar. Frumsýnt 2017.
- 20.30** **Viðskipti með Jóni G.** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
- 21.00** **21 - Fréttabáttur á miðvikudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
- 21.30** **Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00** Heimaleikfimi
- 09.10** Spaugstofan 2008-2009
- 09.35** **Á tali hjá Hemma Gunn** 1994-1995
- 11.00** Landakort Snorklar eftir rauðmaga
- 11.10** **HM í alpagreinum** Bein útsending frá keppni í samhliða svigi á HM í alpagreinum.
- 13.20** **HM í Skiðaskotfimi** Bein útsending frá keppni í 20 km skiðaskotfimi karla á HM í skiðaskotfimi.
- 15.10** **Okkar á milli** Eva Hauksdóttir
- 15.40** Nýsköpun - Íslensk vísindi
- 16.10** Hrollur
- 17.50** Tákn málsfréttir
- 18.00** KrakkaRÚV
- 18.01** Kúlugúbbarnir
- 18.24** Hæ Sámur
- 18.31** Rán og Sævar
- 18.42** Sara og Önd
- 18.50** Krakkafréttir
- 18.54** Vikinglöttó
- 19.00** Fréttir
- 19.25** Íþróttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Kastljós
- 19.50** Menningin
- 20.00** **Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmennta- og umræðunni í landinu.
- 20.40** **Síðasti séns Panik** fór lukketid
- 21.10** **Nútímafjölskyldan Bonusfamiljen**
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veður
- 22.20** **Konurnar hjá Virago** - útgáfunni Virago Women Heimildarmynd um bókaútgáfuna Virago Press sem var stofnuð árið 1973 með það að markmiði að ljá konum rödd og gera sjónarmiðum og sögu kvenna hátt undir höfði. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20** **Merkisdagar - Brúðkaup** Vores største dage
- 23.50** Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.00** European Tour 2020
- 15.40** PGA Special. 3M Open Compass Challenge
- 17.40** PGA Tour 2021 Útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
- 23.10** PGA Highlights 2021

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
- 13.00** Dr. Phil
- 13.45** The Late Late Show
- 14.30** Vinátta
- 15.00** The Block
- 16.30** Family Guy
- 16.50** The King of Queens
- 17.10** Everybody Loves Raymond
- 17.35** Dr. Phil
- 18.20** The Late Late Show
- 19.05** Will and Grace (
- 20.00** The Block
- 21.00** Chicago Med
- 21.50** The Great
- 22.40** **The Arrangement** Leikkonu eru boðnar \$10 milljón doll- arar fyrir að ganga í hjónaband með einni stærstu stjórnunni í Hollywood, en það er ekki allt sem sýnist.
- 23.25** The Late Late Show
- 00.10** Station 19
- 00.55** The Resident
- 01.40** Devils
- 02.25** Fargo
- 03.15** **The Twilight Zone (2019)** Glæný útgáfa af einni þekktustu sjónvarpsríu allra tíma. Sagðar eru ótrúlegar sögur sem fá áhorfendur til að hugsa.
- 04.00** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Segðu mér
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfregni
- 10.13** Á reki með KK
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.03** Hádegisd
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.42** Hádegisd seinni hluti
- 13.00** Dánarfregni
- 13.02** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Tónlist frá A til Ö
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Svona er þetta
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.05** Viðsjá
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Lestin
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Hlustaðu nú!
- 18.50** Veðurfregni
- 18.53** Dánarfregni
- 19.00** Óperukvöld Útvarpsins. Marpurgi
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.30** Kvöldsgagn. Grettis saga (3 af 21)
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfregni
- 22.09** Lestur Passíusálma (13 af 50)
- 22.15** Samfélagið
- 23.10** Segðu mér
- 00.00** Fréttir
- 00.05** Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.50** The Kindergarten Teacher
- 13.25** Love at First Bark
- 14.50** Juliet, Naked
- 16.25** The Kindergarten Teacher
- 17.55** Love at First Bark
- 19.20** Juliet, Naked
- 21.00** Bridge Of Spies
- 23.15** Prometheus Magnaður visindatryllir með Noomi Rapace, Charlize Theron og Michael Fassbender í aðal- hutverkum.
- 01.15** King of Thieves
- 03.00** Bridge Of Spies

STÖÐ 2

- 08.00** Heimsókn
- 08.15** Veronica Mars
- 09.05** Bold and the Beautiful
- 09.25** The O.C.
- 10.05** Feðgar á ferð
- 10.30** Masterchef USA
- 11.10** Viltu vinna milljón?
- 11.50** 10 Years Younger in 10 Days
- 12.35** Nágrannar
- 12.55** Grand Designs. Australia
- 13.45** Gullli Byggir
- 14.15** Temptation Island USA
- 14.55** Lóa Pind. Battlað í borginni
- 15.45** Hell's Kitchen USA
- 16.25** Suður-ameríski draumurinn
- 17.35** Bold and the Beautiful
- 18.00** Nágrannar
- 18.26** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.50** Sportpakinn
- 18.55** Ísland í dag
- 19.05** Vikingalöttó
- 19.10** **Draumaheimilið** Draumaheimilið er sjónvarpsþáttur þar sem fylgst er með Íslendingum í fasteigna- hugleiðingum taka eina af stærstu ákvörðunum lífsins, hvaða eign skal kaupa.
- 19.35** 10 Ways To Lose 10 Years
- 20.25** The Diagnosis Detectives
- 21.25** Limetown
- 21.55** Sex and the City
- 22.30** Succession
- 23.30** NCIS
- 00.20** The Blacklist
- 01.05** NCIS. New Orleans
- 01.50** Veronica Mars
- 02.30** The O.C.
- 03.10** Masterchef USA
- 03.50** Suður-ameríski draumurinn

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00** Barnaefni
- 20.00** Friends
- 20.20** Friends
- 20.45** The Office
- 21.10** Big Little Lies
- 22.05** Our Girl
- 22.55** Gasmamman
- 23.45** Steypustöðin
- 00.20** Friends
- 00.40** Friends
- 01.05** The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 09.45** **Snæfell - Fjölirnir** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 11.05** **Valur - Breiðablik**
- 12.45** **Dominos Kórufuboltakvöld** - kvenna
- 13.25** **Njarðvík - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 15.05** **Valur - Keflavík**
- 16.50** **Dominos Kórufuboltakvöld**
- 18.10** **Breiðablik - Haukar** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 20.10** **Valur - Fjölirnir** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 22.15** **Pilumót Stöðvar 2 Sports**
- 00.15** **Pilumót Stöðvar 2 Sports**

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.25** Torino - Genoa
- 10.05** Sevilla - Huesca
- 11.45** Celta Vigo - Elche
- 13.25** Spezia - AC Milan
- 15.05** Barcelona - PSG
- 16.45** Leipzig - Liverpool
- 18.25** Meistaradeildarmörkin
- 18.55** **The Fifth Quarter** Ítarleg umfjöllun um leikina í ACB spænsku úrvalsdeildinni í kórufubolta.
- 19.15** Meistaradeildin - upphitun
- 19.50** **Porto - Juventus** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00** Meistaradeildarmörkin
- 22.30** Levante - Atlético Madrid
- 00.10** Sevilla - Dortmund



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK



„Nörd er bara einhver sem hefur óbilandi áhuga á einhverju,“ segir Gísli Gunnar, sem skilgreinir sig vítt sem slíkan út frá óbilandi áhuga á fantasíu, sögugerð og sögusköpun og nýtur þess að spinna ævintýri í D&D. MYND/MAMBA

Gísli sér um tímafrekt taumhald á skrímslum

Spunanörðinum **Gísli Gunnari Guðmundssyni** rennur blóðið svo til skyldunnar að hann tekur að sér leikjastjórn og umsýslu með aukapersónum og skrímslum í hlutverkaspilinu Dungeons & Dragons.

Hlutverkaspilið fornfræga Dungeons & Dragons er einn óumdeilda hornsteina vestrænnar nördamenningar þótt ekki sé heiglum hent að stíga inn í þann heim drekafullra dýflissa. Í það minnsta ekki nema hafa tíma, lágmarksþekkingu og tilfinningalegt svigrúm.

Þetta veganesti er þó oftast ekki af skornum skammti á snjallsímaöld og við því hefur tónlistarmaðurinn Gísli Gunnar Didriksen Guðmundsson brugðist, með því að bjóða fram Dreka og dýflissuþjónustu á Facebook undir merkjum DMDidriksen.

„Mér bara datt þetta í hug af því að ég held að mörgum finnist það dálítið óárennileg þæling að byrja

að spila. Sérstaklega ef þú þekkir ekki neinn leikstjórnanda, vegna þess að það veltur rosamiklæði á því hlutverki,“ segir Gísli með vísan til umsýslunnar sem fylgir Dreka og dýflissum, eða D&D.

Eftirlit með skrímslum

„Það þarf einhver að vera tilbúinn til að vera stjórnandinn sem kann reglurnar, allavega upp að einhverju marki, og sér um allan umheiminn, allar aukapersónurnar, öll skrímslin og allt þetta drasl.“

Það er ákveðin skuldbinding og ég hugsaði að það hlyti bara að vera fólk þarna úti sem væri til í að prufa en þekkti ekki spilara eða hefði bara ekki tíma eða nennu til að setja sig inn í þetta. Og þá náttúrliga er tilvalið að það sé bara einhver gæi tilbúinn til þess að stíga inn í það hlutverk,“ segir Gísli, sem

ákvað að gerast akkúrat sá náungi.


Hann segist einfaldlega mæta með allt sem þarf, teninga, bækur og tilheyrandi, þangað sem hann er pantaður, og leiða fjölskylduna eða vinahópinn í gegnum stórbrotin ævintýri. Þá tekur hann að sér leikjastjórn fyrir börn átta ára og eldri og býður upp á spilun í gegnum netið ef svo ber undir.

3.000 á YouTube

Gísli er þegar byrjaður að hasla sér völl í netspilun utan landsteinanna á YouTube og Twitch, rafrænu varnarþingi leikjaspilara hvers konar. „Ég mun stýra fjögurra þátta D&D-leik með metalhljómsveitarmönnum í beinni útsendingu á Twitch í samstarfi við bandaríska plötufyrirtækið Metal Blade Records. Allt ævintýrið og umgjörðin eru eftir mig, en þetta



Dungens & Dragons á sér langa sögu í poppkúltúrnum, en það var einmitt ekki fyrr en Gísli sá vinina í Stranger Things spila, að hann lét loksins vaða.



FYRIR ÞAD FYRSTA ER ÞETTA ÓGÆDSLEGA GAMAN. ÞAD ER SVONA NÚMER EITT, TVÖ OG ÞRÚ.

verða fjórir þættir næstu fjórar vikurnar en þeim er svo hlaðið upp á YouTube strax eftir að útsendingu lýkur.“

Fyrsti þátturinn fór í loftið á föstudagskvöld og Gísli segir um 700 manns hafa horft á streymið á Twitch í beinni og þegar þetta er skrifað hafa um 3.000 manns horft á upptökuna á YouTube.

Gísli segir að heimsfaraldurinn og fleira hafa orðið til þess að það dróst á langinn að opna DMDidriksen á Facebook en þegar Twitch-útsendingarnar voru yfirvofandi hafi ekki verið hægt að biða lengur.

Mörg eru undrin

„Fyrir það fyrsta er þetta ógædslega gaman. Það er svona númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Gísli, þegar hann er spurður hvers vegna hann sé tilbúinn í tímafreka leikjastjórnunina.

Sjálfur hefur hann ekki spilað D&D nema í tæp fjögur ár og segist bölvla því í sand og ösku að hafa ekki byrjað fyrr, þegar hann var ungur og hafði meiri tíma. Hann hafi rétt fengið nasabefinn af þessu í menntaskóla og hafi síðan haft D&D bak við eyrað án þess að gera nokkuð í því fyrr en Netflix og þættirnir Stranger Things gerðust miklir orlagavaldar.

„Fyrsta sería Stranger Things byrjar á því að þeir eru saman strákarnir að spila D&D og það small bara eitthvað í höfðinu á mér. Ég hugsaði bara: „Ókei, nú bara gerum við þetta“ og ég og félagar mínir fjárfestum saman í byrjendapakkanum,“ segir Gísli og bætir við að hann hafi tekið á sig að verða stjórnandinn. „Og síðan hefur bara ekki verið aftur snúið.“
toti@frettabladid.is

MARKAÐURINN.IS – NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN



Brandenburg | SA

1590 kr.

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar
Bolladóttur

Erfidrykkjur

Nú þegar hjól bólusetninganna er farið að snúast og þjóðin er hægt og rólega að verða veiruvarin er áhugavert að horfa yfir liðið ár til þess að draga lærdóm. Einn þáttur þjóðlífsins sem orðið hefur fyrir bardínu á COVID er lífslokaferlið. Það má hrósa heilbrigðisstofnunum fyrir það hve mun betur tókst í seinni bylgjunni að hlúa að deyjandi fólki með nærveru nánustu ástvina þrátt fyrir ástandið.

Gildi ástvinanærveru við deyjandi fólk hefur fengið endurnýjaða staðfestingu. Jafnframt höfum við fundið hvað útfarir skipta okkur miklu máli sem samfélag. Ég tek eftir því núna hvað syrgjendur eru þakklátir og fegnir að mega þó alltént bjóða 150 manns til kveðjustundar. Já, það gat verið býsna flókið þegar einungis máttu koma 30 manns saman. Það hefur kostað heilmikið sálarstríð og útsjónarsemi þar sem fjölskyldur eru stórar og vinnuhópar margir að bregðast við fjöldatakmörkunum á kveðjustundum ástvina. Íslendingar eru einkar duglegir við að fylgja samferðamönnum hinsta spólinn og sannleikurinn er sá að í flestum tilfellum veitir mannfjöldinn syrgjendum mikla huggun.

En í öllum þeim jarðarförum sem ég hef komið að í COVID hef ég ekki heyrt fólk vera áhyggjufullt yfir því að geta ekki haldið stórar erfidrykkjur. Ég hygg að við mætum vel endurskoða hefðir okkar í þeim efnum svo þær undirstriki betur þá staðreynd að öll stöndum við jöfn frammi fyrir dauðanum. Ég man þegar ég var í fyrsta sinn stödd í erfi þar sem einfaldar veitingar voru fram bornar. Það var mér léttir. Gildi erfidrykkjunnar felst í nærveru og samstöðu. Hún er staðfesting á því að við ætlum að halda lífsgöngunni áfram. Hófsemd er virðingartottur.

NETTÓ Á NETINU

NETVERSLUN NETTÓ
ER OPIN ALLA DAGA
VIKUNNAR!
netto.isnettó
Lægra verð - léttari innkaupStraumurinn
er í Öskju!

Rafbíladagar til 20. febrúar



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Komdu á rafbíladaga Öskju og kynntu þér glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Kia, Mercedes-Benz og Honda.

Askja býður yfir 30 gerðir bíla sem ganga fyrir rafmagni að hluta eða öllu leyti. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn – við tökum vel á móti þér.

